



„Allir hafa rödd“

Lýðræðisleg þátttaka í skólasamfélaginu

Herdís Hermannsdóttir

Júní 2018

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

„Allir hafa rödd“

Lýðræðisleg þátttaka í skólasamfélaginu

Herdís Hermannsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Ragný Þóra Guðjohnsen

Sérfræðingur: Ólafur Páll Jónsson

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

júní 2018

„Allir hafa rödd“. Lýðræðisleg þátttaka í skólasamfélaginu

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs
í grunnskólakennarafræði við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2018, Herdís Hermannsdóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi
höfundar.

Formáli

Í kennaranáminu hefur mikið verið rætt um lýðræði í skólastarfi en samt sem áður hef ég lítið orðið vör við það á vettvangi grunnskólans. Lýðræðishugsjónin hefur alltaf vakið áhuga hjá mér og sem kennari vil ég frá fyrsta degi tileinka mér lýðræðisleg vinnubrögð. Í meistaranáminu valdi ég kjörsviðið Grunnþættir og gildi: Sjálfbærni, jafnrétti og lífsleikni með það í huga að undirbúa mig fyrir skólasamfélag nútímans þar sem huga þarf að fjölbreyttum og lifandi kennsluháttum.

Vorið 2016 sótti ég námskeiðið *Sýn barna og ungmenna á samskipti og samfélag* hjá leiðbeinanda mínum Ragný Þóru Guðjohnsen og fann ég þá áhuga hjá mér til að tengja efni meistararitgerðarinnar við viðfangsefni námskeiðsins og varð fyrir valinu að gera rannsókn á upplifun og skilningi ungs fólk á lýðræði í skólastarfi.

Rannsóknin var framkvæmd á haustmisseri 2016 og unnin sem meistaraprófsverkefni til fullnaðar M.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Vægi hennar er 30 ECTS einingar. Leiðbeinandi minn var Ragný Þóra Guðjohnsen og vil ég þakka henni kærlega fyrir góða og vandaða leiðsögn, skilning og hjálpsemi. Sérfræðingur verkefnisins var Ólafur Páll Jónsson.

Ég vil þakka fjölskyldu minni fyrir veittan stuðning og hvatningarorðin á því langa tímabili sem ritgerðarskrifin tóku. Þá vil ég sérstaklega þakka Sonju Huldu, tengdamóður minni, fyrir að passa vel upp á son minn meðan ég vann að ritgerðinni. Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands* (sjá slóðina https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/log_og_reglur/vshi_sidareglur_16_1_2014.pdf). Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknnum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 3. apríl 2018

Herdís Hermannsdóttir

Ágrip

„Allir hafa rödd“

Lýðræðisleg þátttaka í skólasamfélaginu

Meginmarkmið þessa meistaraverkefnis er að varpa ljósi á það hvort og þá hvernig ungt fólk í grunnskóla þekkir og túlkar hugtakið lýðræði og hvort það upplifi að þau fái tækifæri til að vera virkir borgarar í skólasamfélaginu. Horft var til þess hvernig og hvort ungmennin þekkja hugtakið lýðræði, hvernig þau tengja lýðræði við þátttöku sína í skólasamfélaginu og þess hvernig þau koma málefnum sínum á framfæri innan skólasamfélagsins. Rannsóknin var unnin eftir eiginlegri rannsóknaraðferð. Hálfopin viðtöl voru tekin við sex grunnskólanema á aldrinum 13-14 ára í einum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Viðmælendurnir, þrjár stúlkur og þrír drengur, voru valdir með hentugleikaúrtaki. Skólasamfélagið hefur jafnan verið talinn kjörinn vettvangur fyrir lýðræðislegar þátttöku barna og ungmenna og samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er mælt til þess að nemendur læri *um* lýðræði, *í* lýðræði, *til* lýðræðis. Virkja má ungmenni sem lýðræðislega borgara með því veita þeim tækifæri til að hafa áhrif og takast á við fjölbreytt verkefni þar sem raddir allra frá að heyrast. Í viðtölunum kemur fram vilji ungmennana til að hafa áhrif innan skólasamfélagsins og telja þau mikilvægt í lýðræðissamfélagi að fólkið fái að hafa áhrif og rödd allra fái að heyrast. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að ungmennin telja sig hafa lítil áhrif á nám sitt og upplifa fá tækifæri til lýðræðislegar þátttöku innan skólasamfélagsins. Það er von mín að niðurstöður rannsóknarinnar varpi ljósi á upplifun ungmenna á lýðræði innan skólasamfélagsins svo efla megi og styðja betur við þátttöku þeirra.

Abstract

„Everyone has a voice“

Democratic participation in the school community

The purpose of this study was to shed light on whether, and if so how, young students know and interpret the concept of democracy and if they feel like they get a chance to act as functioning members of the school community. The main emphasis was on the students' understanding of the concept of democracy and how they connect it to their school community and also how they present their ideas within the school community. The research was based on qualitative research methodologies. Semi-structured interviews were conducted with six students, age of 13–14 from one school in the capital area. The participants, three girls and three boys were chosen by convenience sampling. The school community has usually been considered as an ideal venue for children and young people to participate in democracy. According to the National curriculum (2013) it is recommended that students learn *about* democracy, *in* a democracy, *for* democracy. Young people can be encouraged to become democratic members of society by giving them the opportunity to deal with various tasks where their voices can be heard. The outcome of the study shows that the participants think they don't have much to say about their education and have limited opportunities for democratic participation in the school community. It is my wish that the results of this study will shed light on how young students experience democracy within the school community so that their participation may be empowered and further supported.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	4
Abstract	5
Efnisyfirlit	7
Myndaskrá	9
Töfluskrá	10
1 Inngangur	11
Uppbygging ritgerðarinnar	12
2 Fræðilegur bakgrunnur	13
Skilgreiningar á hugtökum	13
2.1.1 Lýðræði.....	13
2.1.2 Borgaravitund.....	15
Stefnumótun í menntun	17
2.1.3 Aðalnámskrá grunnskóla	18
2.1.4 Grunnþátturinn Lýðræði og mannréttind.....	19
2.1.5 Námsmat í grunnskóla.....	20
2.1.6 Lög og reglugerðir.....	21
Samræður sem leið til lýðræðislegrar þátttöku	23
Niðurstöður fyrri rannsókna	25
2.1.7 Íslenskar rannsóknir	25
2.1.8 Erlendar rannsóknir	27
Rannsóknarspurningar.....	29
3 Aðferðarfræði og framkvæmd rannsókna	31
Rannsóknarsnið	31
Þátttakendur.....	31
Framkvæmd rannsókna.....	33
Greining og úrvinnsla gagna	34
Siðferðileg álitamál	35

4 Niðurstöður: Rödd ungmenna.....	37
Þekking og skilningur á lýðræði	37
4.1.1 Fólkið fær að hafa áhrif	38
4.1.2 Jafnrétti	39
Persónuleg merking.....	40
4.1.3 Vilja tjá skoðanir sínar	41
4.1.4 Samskipti	42
Leiðir til lýðræðislegrar þátttöku	45
Samræður um málefni líðandi stundar	45
4.1.5 Áhrif nemenda á nám sitt	47
4.1.6 Skóla- og bekkjarreglur	49
4.1.7 Nemenda- og skólaráð	51
5 Umræður.....	53
Þekking og skilningur á hugtakinu lýðræði	53
Fólkið fær að hafa áhrif.....	54
Jafnrétti.....	54
Persónuleg merking.....	55
Vilja hafa áhrif	55
Samskipti.....	56
Leiðir til lýðræðislegrar þátttöku	58
6 Lokaorð	64
Heimildaskrá	66
Viðauki A: Kynningarbréf.....	71
Viðauki Á: Upplýst samþykki	72
Viðauki B: Spurningalisti.....	73

Myndaskrá

Mynd 1 . Borgaravitundarlíkan Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2007).	34
--	----

Töfluskra

Tafla 1. Upplifun og sýn ungmenna á lýðræði í skólstarfi.....	37
---	----

1 Inngangur

Mikilvægur þáttur þess að virkja og viðhalda lýðræði í samfélögum er að styðja við lýðræðislega lífshætti strax í barnæsku. Með því að fræða börn og ungmenni um lýðræði, efla gagnrýna hugsun þeirra, veita þeim tækifæri til að spyrja spurninga og ræða um ýmis gildi og viðfangsefni samfélagsins eru þau búin undir að verða virkir borgarar; borgarar sem standa vörð um lýðræðið og halda áfram að móta það til framtíðar (Flowers, 2014). Þannig þarf að hlúa að lýðræðislegum gildum og starfsháttum í skólastofnunum jafnt sem á heimilum og í samfélaginu. Grunnskólum ber samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013) að styðjast við lýðræðislega kennsluhætti þar sem nemendur fá tækifæri til þess að undirbúa sig fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Þar segir að ekki sé nóg að börn og ungmenni læri *um* lýðræði heldur þurfa þau að láta reyna á það á eigin skinni með því að læra *í* lýðræði og læra þannig *til* lýðræðis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Í bókinni Virðing og umhyggja skýrir Sigrún Aðalbjarnardóttir þetta svona:

Að læra um lýðræði vísar til þess að læra í hverju lýðræði felst til að geta tekið þátt í samfélaginu og margs konar félagslegum og pólitískum ákvörðunum og athöfnum sem ábyrgur borgari, að lifa og læra í lýðræði vísar til þess að læra í umhverfi sem er lýðræðislegt á heimilinu, í skólanum og samfélaginu. Með því lærast lýðræðishættir sem endurspeglast í viðhorfum og samskiptum hvers og eins, að læra til lýðræðis vísar til þess að öðlast reynslu og færni til að geta haft áhrif á mótun lýðræðissamfélags (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 380).

Viðfangsefni rannsóknarinnar er lýðræði í skólastarfi og skoðað verður hvaða upplifun og sýn sex grunnskólanemar hafa á lýðræði í skólastarfi. Markmiðið með rannsókninni er að varpa ljósi á það hvort og þá hvernig ungmenni í grunnskóla þekki og túlki hugtakið lýðræði og hvort þau upplifi að þau fái tækifæri til að vera virkir borgarar í skólasamfélaginu.

Það er lærdómsríkt ferli að vinna slíka rannsókn og er það von mín að niðurstöður rannsóknarinnar gefi gefi innsýn í að hvaða hlutum þurfi að huga ef lýðræðishugsjónin á að verða að veruleika í skólasamfélaginu og jafnframt að þær varpi ljósi á upplifun ungs

fólks í grunnskóla, í tengslum við lýðræðislega þátttöku innan skólasamfélagsins. Svo efla megi og styðja við þátttöku nemenda í skólasamfélaginu er brýnt að sjónarmið barna og ungmenna komi fram.

Uppbygging ritgerðarinnar

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Í inngangskaflanum er greint frá markmiðum rannsóknarinnar. Næst kemur kafli um fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar, þar verða helstu hugtök sem koma fyrir í rannsókninni skilgreind en þau eru *lýðræði* og *borgaravitund*. Fjallað verður um stefnumótun á Íslandi þar sem verður greint frá því hvað segir í Aðalnámskrá grunnskóla um lýðræðis- og borgaramennt. Einn af grunnþáttum menntunar hér á landi, *Lýðræði og mannréttindi*, verður jafnframt kynntur til sögunnar. Í kafla um stefnumótun í menntun verður svo fjallað um lög og reglugerðir sem tengjast skólastarfinu. Þá verða sjónarmið barna og ungmenna skoðuð og það hvernig samskipti og samræður í skólanum geta haft áhrif á þátttöku nemenda í hinu daglega lífi. Í framhaldi af fræðilegri umfjöllun verða kynntar niðurstöður bæði úr innlendum og erlendum rannsóknum sem skoðað hafa lýðræðislega starfshætti í skólum. Í lok fræðilega kaflans munu rannsóknarspurningar verða settar fram. Þá verður fjallað um þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru í rannsókninni og þátttakendur kynntir. Næst verður greint frá helstu niðurstöðum úr þeim viðtölum sem tekin voru við ungmennin. Að lokum verða niðurstöður settar í fræðilegt samhengi og ályktanir dregnar.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Skilgreiningar á hugtökum

Hugtökin lýðræði og borgaravitund eru meginhugtök í þessari rannsókn en í henni verður annars vegar kannaður skilningur ungs fólks á hugtakinu lýðræði og hins vegar skoðað hvort og þá hvernig ungmennin telja sig hafa tækifæri til borgaralegrar þátttöku í skólasamfélaginu.

2.1.1 Lýðræði

Lýðræði eða „demokratí“ á rætur sínar að rekja til gríska orðsins *demos*, sem þýðir lýður eða fólk, og *kratos* sem þýðir vald (Flowers, 2014). Samkvæmt orðanna hljóðan er íslenska orðið lýðræði myndað á sama hátt en það er samsett úr orðunum *lýður* sem merkir almennir borgarar, og sögninni að *ráða*, sem gerir ráð fyrir þátttöku borgaranna í stjórn sameiginlegra mála (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Lýðræðishugsjónin byggir á því að einstaklingarnir sem sjálfráða jafningjar hafi tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu og mótun þess (Ólafur Páll Jónsson, 2011; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Hvert samfélag er byggt upp af ólíkum hópum fólks sem allir tilheyra ákveðinni félagslegri heild. Til þess að vera hluti af samfélagi þurfa allir sem því tilheyra að vera þátttakendur í því. Ýmsar forsendur geta hamlað einstaklingum eða hópum frá fullri þátttöku í samfélaginu, til að mynda geta samgöngur hamlað fötluðum, peningar hamlað fátækum. Mikilvægt er að koma til móts við mismunandi einstaklinga og hópa til að koma í veg fyrir slíkar hamlanir í samfélaginu. Lýðræði gengur út frá því að fólk hafi ólíkar skoðanir, ólíkar óskir og ólíkar þarfir sem ber að virða með því að veita öllum jafnan aðgang að hinum lýðræðislega vettvangi (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012).

Við upphaf tuttugustu aldar fjallaði bandaríski heimspekingurinn John Dewey (1859-1952) um mikilvægi lýðræðis í samfélögum. Hann leit á lýðræði sem persónulegan lífsmáta og taldi fólk hafa val um að taka skynsamlegar og réttlátar ákvarðanir í samvinnu við aðra. Lýðræði sem stjórnskipan eða samfélagsform taldi hann eiga að birtast þannig að einstaklingarnir þroski með sér ákveðin gildi, viðhorf og færni sem

greina má í hinu daglega lífi og samskiptum fólks (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir, 2012). Áhugi Dewey á lýðræði beindist fyrst og fremst að menntamálum en hann leit á skóla sem samfélag þar sem veita ætti börnum tækifæri til að upplifa raunverulegt lýðræði. Hann benti á að börn og ungmenni yrðu að vera hluti af félagslegri þróun samfélagsins í gegnum menntun. Útskýrði hann það þannig að til þess að samfélag geti mótast og þróast verði börn að fá reynslu af þátttöku og samvinnu við aðra (Dewey, 1998; Ólafur Páll Jónsson, 2008; Sheridan og Samuelson, 2001).

Í hinu fjölmenningslega samfélagi 21. aldarinnar eiga hugmyndir Deweys um einstaklingsbundna nálgun lýðræðis meira erindi en nokkru sinni fyrr. Með aukinni hnattvæðingu þar sem einstaklingarnir eru ólíkir og með mismunandi þarfir er mikilvægt að rækta samskiptahæfni barna og ungmenna, borgaravitund þeirra og siðferðiskennd. Til þess að vel takist að sinna fjölbjóðlegu lýðræði þarf að huga að sameiginlegri upplifun þar sem einstaklingnum finnst hann falla inn í hópinn með því að fá tækifæri til að taka þátt í samfélaginu og þjálfa þannig borgaralega þátttöku sína á jafnréttisgrundvelli (Osler og Starkey, 2005). Ágreiningur getur komið upp meðal einstaklinga sem ekki er hægt að sópa undir borðið heldur þarf að efla hæfni þeirra til að leita lausna sem byggjast á skynsemi og á þann hátt geta einstaklingarnir lært hver af öðrum (Ólafur Páll Jónsson, 2008; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Osler og Starkey, 2005).

Skólasamfélagið er kjörinn vettvangur til að gefa börnum og ungmönnum tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku. Dewey taldi að skólar ættu að leggja áherslu á að þjálfa þá hæfni hjá börnum sem rennir stoðum undir lýðræðislegt samfélag þar sem allir fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum. Hluti þess er að hlusta eftir rödd þeirra, virða skoðanir þeirra og gefa þeim raunveruleg tækifæri til þess að taka þátt í ákvörðunartöku í eigin lífi (Jóhanna Einarsdóttir, 2008; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Hugtakið að hlusta eftir rödd nemenda vísar til ferlis þar sem nemendur fá tækifæri til að setja fram skoðanir sínar á námi og skólastarfi og hafa áhrif á breytingar um það. Rödd nemenda getur tengst almennri þátttöku þeirra í verkefnum, möguleikum þeirra á að koma skoðunum sínum á framfæri og því að hafa vald til að móta námið og taka þátt í ákvörðunum (Thomas, 2007).

2.1.2 Borgaravitund

Hugtakið borgaravitund nær yfir þekkingu, skilning og þátttöku fólks í samfélagsmálum og er hún ein af meginstoðum lýðræðis (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2016). Borgaravitund í lýðræðisþjóðfélagi beinist að „vitund fólks um hvað það merkir að vera samfélagsþegn eða borgari með þeim lýðréttindum, skyldum og ábyrgð sem því fylgir og endurspeglast í daglegu lífi þess með virkri þátttöku í samfélaginu“ (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 343). Lýðræðisleg borgaravitund er hugtak sem notað er um borgaravitund í þjóðfélögum sem kenna sig við lýðræði til aðgreiningar frá borgaravitund í þjóðfélögum þar sem ólýðræðisleg valdaskipan einkennir stjórnarhætti.

Með aukinni hnattvæðingu, fjölmenningslegri samfélögum og margmiðlun á síðustu árum hefur borgaravitundarhugtakið þróast mikið (Banks, 2017; Haste og Hogan, 2006). Í rannsóknum Ragnýjar Þóru Guðjohnsen og Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2016, 2017) er fjallað um þessar breytingar sem orðið hafa bæði á borgaralegri hugsun og þátttökumynstri ungmenna. Niðurstöður rannsókna gefa til kynna að borgaravitund nútímans hafi víðari skírskotun en áður. Þannig leggi unga fólk áherslu á fjölbreytt málefni svo sem að vera ábyrg í umgengni við náttúruna með því að flokka sorp og endurvinna, taka virkan þátt í ýmsum samfélagslegum verkefnum og berjast fyrir réttlæti. Það leggi minni áherslu en áður á að ganga í stjórn málaflökk og taka þátt í kosningum en meiri áherslu á beina þátttöku í ýmiss konar samfélagslegum verkefnum svo sem sjálfboðaliðastarfi í nær- og fjærsamfélagi (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011).

Borgaravitund fólks vísar jafnframt til ýmissa persónulegra þátta svo sem hæfni í samskiptum, vilja og getu til að virða mannréttindi og fjölbreytileika og þess að vera virkur þátttakandi í samfélaginu (Kubow, Grossman og Ninomiya, 2012). Áhersla á framangreinda þætti birtist meðal annars í starfi með ungu fólk þar sem hlúð er að borgaralegri sjálfsmynd þeirra, félags- og tilfinningaþroska, gildum og siðferðiskennd sem allt eru ríkir þættir í borgaravitund og hæfni til að takast á við að vera góður borgari í samfélagi (sjá t.d. Selman og Kwok, 2010; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Ragný Þóra Guðjohnsen, 2016).

Borgaraleg þátttaka ungmenna

Þátttaka barna og ungmenna í samfélagslegri umræðu, hvort sem hún fer fram heima, í skólanum eða innan íþrótt- eða æskulýðsfélaga er talin efla borgaravitund þeirra og hvetja þau til frekari þátttöku í samfélagslegum málefnum (Sigrún Aðalbjarnardóttir,

2007). Kofi Annan fyrrverandi aðalritari Sameinuðu Þjóðanna lagði mikla áherslu á lýðræði og borgaravitund í starfi sínu en hann sagði engan fæðast sem fyrirmyndarborgara og ekkert ríki fæðast sem lýðræðisríki en í báðum tilvikum væri um að ræða ferli í stöðugri þróun og því taldi hann mikilvægt að ungmenni væru virkir borgarar allt frá fæðingu (Annan, e.d.).

Menntakerfi og stefnumótunaraðilar hafa víða um heim lagt sífellt meiri áherslu á að huga að borgaravitund barna og ungmenna og hefur borgaramennt (e. citizenship education) víða orðið hluti af námskrá bæði á grunn-, framhalds- og háskólastigi (Brown, Corrigan, & D'Allessandro, 2012; Pasek, Feldman, Romer & Jamieson, 2008; Sherrod et al., 2010; Westheimer & Kahne, 2004a). Þrátt fyrir að börn og ungmenni séu ekki komin með kosningarétt geta þau tekið þátt sem borgarar með margvíslegum hætti (Osler og Starkey, 2003). Skólinn hefur því verið talinn vel til þess fallinn að gefa börnum og ungmennum tækifæri til borgaralegrar þátttöku.

Hér á landi hefur áhersla í skólastarfi löngum verið lögð á sögu og tungu þjóðarinnar auk þess sem sérstaða og menningarleg sjálfsmynd hennar er höfð í brennidepli. Rannsóknir sem skoðað hafa mismunandi nálganir í borgaramennt benda hins vegar til þess að mikilvægt sé að huga ekki aðeins að því að auka borgaralega þekkingu ungs fólks heldur þurfi það einnig að fá að taka þátt á vettvangi (Haste, 2004). Þannig fái þau tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni þar sem unnið er að því í sameiningu að leysa vanda og finna lausnir (Banks, 2015). Markmið menntunar á sviði lýðræðislegrar borgaravitundar felst í því að styrkja og efla vitund ungmenna um réttindi þeirra, ábyrgð og skyldur. Efla með þeim félagslegt réttlæti og virðingu fyrir margbreytileikanum ásamt því að styrkja þátttöku þeirra og áhrif í samfélagi sínu og hnattrænt (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Í skólanum eiga allir rétt á sömu tækifærum til náms og þroska óháð kyni, félags- og efnahagslegum bakgrunni, trúarbrögðum, þjóðerni eða kynþætti. Þannig læra nemendur að skapa réttlátt, friðsamlegt og lýðræðislegt skólasamfélag. Börn og ungmenni sem upplifa að þau tilheyri skólasamfélaginu ættu svo smám saman að geta yfirfært þá reynslu á þá tilfinningu að þau séu virkir og ábyrgir þátttakendur í samfélaginu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Þegar unnið er að borgaravitund ungmenna segir Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007) mikilvægt að gera hana merkingarbærari fyrir þeim. Til þess að svo verði telur hún gagnlegt að leita eftir betri skilning á því hvernig þau hugsa um lýðræði og önnur brýn mál sem tengjast nær- og fjärsamfélagi þeirra. Þá er gagnlegt að hafa í huga *þekkingu þeirra og skilning á grundvallarhugtökum lýðræðis, hvaða merkingu þessi hugtak hafa*

fyrir þeim ásamt því að kanna hvaða leiðir ungmenni nota til að koma málefnum sínum á framfæri.

Stefnumótun í menntun

Lýðræði snýr að því að einstaklingarnir hafi jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu og mótun þess. Mikilvægt er að skoða birtingarmynd lýðræðis í skólum og mun ég hér beina sjónum að stefnumótun sem snýr að lýðræði og borgaralegri þátttöku ungmenna í grunnskólum á Íslandi. Hlutverk skólanna er sífellt að verða víðtækara og menntastefna á Íslandi hefur verið í stöðugri þróun. Allt frá árinu 1974 hafa lög um grunnskóla kveðið á um að skólar skuli hafa lýðræðisleg vinnubrögð að leiðarljósi og undirbúa nemendur sína fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu samfélagi (Ólafur Páll Jónsson, 2014).

Ný menntastefna var kynnt árið 2011 þar sem sett var fram í fyrsta sinn heildstæð stefna um öll skólastig leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í hinni nýju menntastefnu voru lýðræði og mannréttindi skilgreind sem einn af sex grunnþáttum allrar menntunar og má segja að með því hafi verið stigið mikilvægt skrefi í átt til þess að gera skólakerfið lýðræðislegra.

Þrátt fyrir að lög um grunnskóla kveði á um að viðhafa skuli lýðræðisleg vinnubrögð í skólastarfi, heyrast alltaf efasemdaraddir og fólk hefur mismikla trú að slíkri stefnumótun sé fylgt í raun. Í umfjöllun Páls Skúlasonar (1987) gagnrýndi hann meðal annars að nálgun skólakerfisins í þessu efni, væri aðallega fólgin í fræðslu fremur en eiginlegri menntun. Með þessu átti hann við að ekki væri nóg fyrir skólana að skila nemendum út í samfélagið með aðeins það í huga að undirbúa þá fyrir tiltekin störf. Einnig þyrfti að huga að því að gera nemendur hæfari til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi með því að:

gera nemendur sína hæfari til að gegna þegnlegum (eða stjórnmalalegum) skyldum sínum með því að þjálfa sjálfstæða dómgreind þeirra og efla skuli skilning á málefnum samfélagsins. Höfuðmarkmið lýðræðislegrar stjórnmalamenntunar er að kenna fólki að bera skynbragð á ólíka hagsmuni og það sem horfir til almannaheillar (bls. 333 – 334).

Páll gagnrýnir að illa sé skilgreint hvað felst í menntun og hvaða leiðir skuli fara til að afla hennar. Þau rök sem Páll færir fyrir ummælum sínum er að grunnskólinn sé í raun án sameiginlegra markmiða og stefnu. Þá telur hann að ekki þurfi aðeins að samræma

markmið og stefnu innan skólastigsins heldur einnig milli skólastiga (Páll Skúlason, 1987).

Ólafur Páll Jónsson heimspekingur segir í grein sinni um sögu lýðræðislegrar menntastefnu frá þróun laga, reglugerða og aðalnámskrár í ljósi hugmynda um lýðræði og þátttöku nemenda. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að áherslan á mælanlegan árangur, samkeppni og samræmd próf standi í vegi fyrir því að hin yfirlýsta menntastefna sé framkvæmd í hinu daglega skólastarfi (Ólafur Páll Jónsson, 2014).

Lýðræðislegum skóla er oftast en ekki líkt við hugmyndina um lýðræðislegt samfélag, sem skilgreint er út frá tilteknu stjórnskipulagi á borð við þrískiptingu ríkisvaldsins eða út frá réttindum, svo sem kosningarétti og tjáningafrelsi. Með slíkum samanburði verður gjarnan litið á lýðræði í skóla, sem svokallað nemendalýðræði, sem felur fyrst og fremst í sér formlegt skipulag og stjórnsýslu, t.d. í gegnum nemendaráð. Það má velta því fyrir sér hvað nemendalýðræði í þessum skilningu hefur að gera með hið daglega skólastarf „sem að langmestu leyti fer fram í kennslustundum þar sem unnið er eftir fyrirfram ákveðinni námskrá og þar sem kennarinn ræður mestu um samskipti og vinnulag“ (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls. 10).

Ef vinna á hugmyndum um lýðræðislegt skólastarf brautgengi þurfa breytingar að geta átt sér stað og þeim fylgt eftir (Eikenberry, 2009). Í því samhengi bendir Wolfgang Edelstein (2010, bls. 2) á að skipuleggja þurfi starfsemi skólans þannig að nemendum finnist „... eðlilegt og sjálfsagt að taka upp og fylgja lýðræðislegum samskiptaháttum og samstarfsvenjum og finnist bæði eðlilegt og sjálfsagt að viðhalda þeim bæði utan skólans og síðar á ævinni“. Skólasamfélagið þarf því að hafa lýðræðislega nálgun að leiðarljósi þar sem nemendur fá tækifæri til þess að æfa sig í að fást við fjölbreytt verkefni hversdagslífsins sem helgast af ýmsum gildum eins og réttlætis- og ábyrgðarkennd, umhyggju og umburðarlyndi (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Að mörgu þarf að hyggja þegar kemur að skipulagi skólastarfs og verður nú fjallað nánar um stefnumótun yfirvalda um lýðræði í skólastarfi.

2.1.3 Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 tekur til nemenda og starfsfólks skóla og setur grunnskólum landsins sameiginleg markmið náms og kennslu. Í námskránni er að finna þann ramma sem móta skal nám og kennslu á Íslandi í takt við gildandi lög, reglugerðir og alþjóðasamninga á borð við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnumörkun UNESCO um almenna menntun (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Þróaðir hafa verið sex grunnþættir menntunar sem varða starfshætti, umhverfi og inntak náms á öllum skólastigum. Grunnþættirnir eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Þessir þættir byggjast á þeirri hugmynd að veita nemendum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfa skapandi og gagnrýna hugsun og mæta ólíkum aðstæðum. Til að stuðla að velferð, námi og menntun þurfa samskipti meðal nemenda og meðal kennara og nemenda að vera góð og eiga starfshættirnir að mótast af „... umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 13).

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013) tengjast grunnþættirnir allir innbyrðis og er þeim ætlað að búa til heildarsýn um skólastarfið og mynda þannig samfellu í íslensku skólakerfi. Grunnþættirnir byggjast á þeirri hugmynd að til þess að skapa virkt lýðræði þurfi einstaklingarnir að vera læsir á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Einnig eru þeir byggðir á því að virkt lýðræði geti ekki átt sér stað nema stuðlað sé að mannréttindum og jafnrétti milli allra einstaklinga og hópa í samfélaginu. Allir eru grunnþættirnir mikilvægir í skólastarfinu og á stefna og starfshættir grunnskólans að endurspeglu þá í starfi sínu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Þar sem grunnþátturinn *Lýðræði og mannréttindi* tengist rannsókn þessari verður hér á eftir fjallað nánar um þann þátt.

2.1.4 Grunnþátturinn Lýðræði og mannréttindi

Samkvæmt grunnþættinum *Lýðræði og mannréttindi* er samvinna og samvera lykilatriði í lýðræðislegu skólasamfélagi þar sem velferð hvers og eins er í fararbroddi og mannréttindi allra eru virt. Eitt af hlutverkum skólans er að virkja nemendur sína sem borgara og gera þá færa um að taka þátt í að móta samfélagið og hafa áhrif nær og fjær (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013; Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012).

Að vera virkur þátttakandi í samfélagi krefst ákveðinna mannkosta eins og frumkvæðis, sjálfstæðrar dómgreindar, hæfileika til að geta sett sig í spor annarra og geta unnið með öðrum af virðingu og sanngirni. Í raun má segja að hin lýðræðislega hugsun þurfi hreint og beint að móta manngerð einstaklingsins svo hann muni *vilja* og *reyna* að hafa áhrif á samfélag sitt (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls. 31).

Skólar þurfa að taka mið af því að nemenda bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og er lýðræðis- og mannréttindamenntun því afar mikilvæg í öllu skólastarfi. Undirstaða

Þekkingar á lýðræði og mannréttindum eru samfélagsgreinar og lífsleikni. Lýðræðis- og mannréttindamenntun tengist þó öllum námsgreinum og námssviðum. Þá er „umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 21).

Viðmið í grunnþættinum *Lýðræði og mannréttindi* eru þess eðlis að þeim er ætlað að hjálpa kennurum og öðru starfsfólki grunnskólans að skipuleggja skólastarfið þannig að það byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um samfélagið. Þegar nemendur takast á við verkefni þarf að veita þeim tækifæri til að horfa út fyrir hina hefðbundnu kennsluhætti og hlusta á það sem vekur áhuga þeirra í umhverfinu. Nemendur eiga rétt á að koma hugmyndum sínum á framfæri og fá tækifæri til að velta því fyrir sér í hvernig samfélagi þau vilja búa og hvernig þau geti haft áhrif og þannig verið þátttakendur í að skapa samfélagið (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012).

2.1.5 Námsmat í grunnskóla

Mat á hæfni og framförum nemenda hefur þann tilgang að leiðbeina nemendum um námið og hjálpa þeim að ná markmiðum sínum. Með námsmati er hægt að fylgjast með því hvernig nemendum gengur að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár ásamt því að hvetja þá áfram, örva til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Þá á námsmat einnig að veita nemendum og öðrum sem koma að námi þeirra upplýsingar um námsgengi nemenda, vinnubrögð, hæfni þeirra og framfarir (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) eru skilgreind ákveðin hæfniviðmið í lykilhæfni frá upphafi skólagöngu. Lykilhæfni er sú hæfni sem „snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 86).

Hér má sjá viðmið um mat á lykilhæfni grunnskóla sem sett eru fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum námssviðum:

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöku og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að beita þekkingu og leikni, draga ályktanir, áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
- Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingaleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnn hátt.

- Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 56).

Menntagildi lykilhæfni felst meðal annars í því að: „þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissaamfélagi ...“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 86). Meðal þeirra þátta sem leggja grunn að heilstæðri almennri menntun alla ævi eru hæfni til: „tjáningar, gagnrýnnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfþekkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis, frumkvæðis og skapandi hugsunar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 87).

Í skólastarfinu er hægt að fara margvíslegar leiðir til að ná þeim mörgu markmiðum sem lögð eru fram og því þurfa matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

2.1.6 Lög og reglugerðir

Börn og ungmenni eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem tryggja þarf aukna vernd og stuðning og var sérstök yfirlýsing um réttindi barnsins samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 1959. Í framhaldi af því var talið nauðsynlegt að veita þessum þjóðfélagshópi víðtækari vernd og var þar af leiðandi útbúinn sérstakur þjóðréttarsamningur um réttindi barna árið 1979, sem hafði verið útnefnt ár barnsins. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var svo lagður fullbúinn fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna árið 1989. Barnasáttmálinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992 en hann var lögfestur hér á landi árið 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf.

Réttindum barna í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna má í grófum dráttum skipta í þrjá flokka; (1) vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, (2) umönnun til að tryggja velferð barna, t.d. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála og (3) þátttöku. Í 12. gr. sáttmálans er fjallað um þátttöku barna og ungmenna í skólastarfi en samkvæmt henni eiga öll börn „rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska“. Styður þetta við 13. grein grunnskólalaga sem segir að taka skuli tillit til sjónarmiða nemenda eins og unnt er. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námstillhögun, fyrirkomulag skólastarfs, námsumhverfi og aðrar ákvarðanir er þá snerta. Einnig kemur þar fram að nemendur skuli taki þátt í gerð skólareglna og fá með því tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þetta er talið geta stuðlað

að betri skólabrag og meiri sátt um settar reglur (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Samkvæmt Barnasáttmálanum á skólastarf að byggjast á lýðræðishugsjóninni með áherslu á borgaralega þátttöku barna og ungmenna. Í 29. grein hans er jafnframt fjallað um markmið menntunar en þar segir:

Menntun á að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsum þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishópa. Stuðla ber að virðingu fyrir mannréttindum, mismunandi menningarlegri arfleið, tungu og gildismati, öðru fólki og náttúrulegu umhverfi mannsins.

Í lögum um grunnskóla (2008) er vísað til gilda af svipuðum toga en í 2. gr. þeirra segir að starfshættir grunnskólans skuli „mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleið íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi“. Einnig kemur fram að leggja skuli „grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra“. Þá segir í 14. gr. þeirra að nemendur beri sjálfir ábyrgð á námi sínu, framkomu og samskiptum með tilliti til aldurs síns og þroska.

Nemenda- og skólaráð

Samkvæmt 10. grein laga um grunnskóla (2008) eiga allir grunnskólar að vera með starfandi nemendaráð sem vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Hlutverk nemendaráðs er að koma sjónarmiðum nemenda á framfæri. Með þessari stefnu er tekið skref í átt að auknu nemendalýðræði og því að virkja nemendur til að taka ákvarðanir um málefni skólans. Nemendaráðin setja sér starfsreglur, m.a. um það hvernig kosning í félagið fari fram og hvernig kosið skuli fulltrúa nemenda í skólaráð. Þegar kemur að því að velja nemendur í nemendaráð fer yfirleitt fram kosning sem ber keim af fulltrúalýðræði þar sem nemendur fá tækifæri til þess að kjósa sér sína fulltrúa.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 1157/2008 með stoð í sömu lögum skal við grunnskóla jafnframt starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs en þar fá einnig sæti tveir fulltrúar nemenda auk tveggja fulltrúa kennara og foreldra og eins

fulltrúa grenndarsamfélags. Skólaráð sinnir fjölbreyttum málefnum sem tengjast stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitafélags um skólahald. Dæmi um það sem skólaráð fjallar um er skólanámskrá, rekstrar- og starfsáætlun ásamt öðrum áætlunum um skólastarfið. Ráðið skoðar fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans auk þess að móta stefnu og sérkenni skólans og huga að tengslum við grenndarsamfélagið. Þá fylgist ráðið með húsnæði, öryggi, aðbúnaði, aðstöðu og almennri velferð nemenda skólans. Að auki er það hlutverk ráðsins að fylgjast með umgengnisháttum í skólanum og skólareglum. Einnig fjallar ráðið um erindi frá t.d. skólanefnd, menntamálaráðuneytinu, foreldrafélaginu og nemendafélaginu ásamt því að taka þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitastjórnar. Mikilvægt er að starfshættir skólaráðs miði að því að nemendur geti tekið þátt í starfi þess þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál nemenda, árlega starfsáætlun skóla, aðrar áætlanir sem tengjast skólahaldi og um meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla. Fulltrúar nemenda í skólaráði eiga að fylgja hagsmunum þeirra eftir og leita eftir sjónarmiðum samnemenda (reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla; Umboðsmaður barna, e.d).

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga nemendur að geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri í gegnum nemendafulltrúa í nemendaráði og skólaráði. Mikilvægt er að allir nemendur innan skólans fái að taka þátt og láta rödd sína heyrast en ekki bara kjörnir fulltrúar. Með því finnur hver og einn að hann sé fullgildur þátttakandi í skólasamfélaginu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Þegar börn og ungmenni taka þátt í ákvarðanatöku í skólanum reynir meðal annars á sjálfstæði þeirra, frumkvæði og samvinnu. Lýðræðisleg vinnubrögð geta sömuleiðis eflt með þeim ábyrgðar- og réttlætiskennd, umhyggju fyrir velferð fólks og umburðarlyndi. Með virkri starfsemi nemendaráðs og þátttöku nemenda í skólaráði fá nemendur tækifæri til að hafa áhrif, taka ákvarðanir, taka af skarið og bera ábyrgð (Umboðsmaður barna, e.d.; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Samræður sem leið til lýðræðislegrar þátttöku

Í skólastarfi þar sem áhersla er lögð á að vinna með lýræðishugsjónina bæði sem viðmið um verklag og markmið geta kennarar farið ýmsar leiðir í kennslunni. Ein leið er að leggja áherslu á samræður sem aðferð í kennslu og sem markmið skólastarfsins (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012). Kennsluhættir sem byggjast á

samskiptum og samræðu á milli einstaklinga geta falið í sér mikilvæga menntun en þá er sérstaklega átt við kennsluhætti sem byggjast á samræðu jafningja sem kallar meðal annars á skilning, traust, virka hlustun, spurningar, rökstuðning og skoðanaskipti (Wolfgang Edelstein, 2010). Ef samræðuformið á að efla eftirtalda þætti þarf kennarinn að vera tilbúinn að stíga út úr miðlunarhlutverki sínu, læra með nemendum og treysta þeim til að ráða ferðinni (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012).

Með því að hvetja nemendur til þess að færa góð rök fyrir skoðunum sínum og hugmyndum má efla með þeim gagnrýna hugsun og fá þá til að endurskoða stöðugt eigin hugmyndir (Páll Skúlason, 1987). Einnig er mikilvægt að nemendur læri að greina á milli málefna og persóna, þannig að þeir takist á um málefni en ekki persónur (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Diana Hess (2009) sérfræðingur í kennslu- og námskráfræðum telur skólann vera góðan vettvang fyrir málefnalegar samræður og færir fyrir því þrens konar rök; (1) samkvæmt námskránni eiga nemendur að fá tækifæri til þátttöku í samræðum, (2) nemendur hafa kennara sem geta veitt þeim leiðsögn og (3) í skólanum er fjölbreytileikinn mikill og því er hann talinn góður vettvangur til málefnalegra samræðna þar sem nemendur þurfa að virða ólíkar skoðanir og geta sett sig í spor annarra.

Í bók sinni *Listin að spyrja*, fjallar Ingvar Sigurgeirsson (2016) um spurnar- og samræðuaðferðir, tæknina við að velja og bera fram spurningar og stýra uppbyggilegum samræðum. Allt eru þetta þættir sem mikilvægt er að hafa í huga og geta skipt sköpum þegar kemur að samræðum meðal fólks. Í samræðum milli einstaklinga geta komið upp hin ýmsu ágreiningsmál. Því er mikilvægt að börn og ungmenni geti tekist á við ágreining og horfst í við hann frekar en að forðast hann. Lýðræðisleg umfjöllun um álitamál sem höfða til barna og ungmenna og tengjast samfélagsumræðunni hverju sinni er mikilvæg í skólustarfinu þar sem meðal annars er hægt að fjalla um málefni eins og samskipti, fordóma, mannréttindi og frelsi (Ingvar Sigurgeirsson, 2016).

Í Aðalnámskrá er greint frá því að umræðu- og spurnaraðferðir geti stuðlað að aukinni hæfni í samfélagsgreinum. Samfélagsgreinar fjalla um samfélög og menningu á gagnrýninn hátt með því að fræða nemendur um gildi eins og lýðræði, jafnrétti, virðingu og umhyggju og hvaða þýðingu þessi gildi hafa í hinu raunverulega lífi. Markmið samfélagsgreina eru meðal annars að hjálpa nemendum að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með því að notast við samræður og láta afstöðu sína mótast af rökum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Spurnar- og samræðuaðferðir eiga við í öllum námsgreinum og veita nemendum „tækifæri til að fjalla um, hugleiða og ræða sín á milli, við kennarann, um ákveðna þætti námsefnisins á markvissan, krefjandi og skapandi hátt“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 203).

Niðurstöður fyrri rannsókna

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er fjallað um lýðræði og réttindi barna, sem mikilvægan þátt í öllu skólastarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Nokkuð er um bæði íslenskar og erlendar rannsóknir á lýðræði í skólastarfi og verður hér fjallað nánar um meginniðurstöður þeirra rannsókna.

2.1.7 Íslenskar rannsóknir

Í skólaþróunarverkefni Sigrúnar Aðalbjarnardóttir (2007) sem ber heitið *Hlúð að félags- og tilfinningaþroska nemenda* var unnið með vitsmuna-, siðferðis-, félags- og tilfinningaþroska barna og ungmenna í skólastarfi og það að styrkja sjálfsmynd þeirra. Í rannsókn sinni bendir Sigrún á að nemendur sem eru vanir lýðræðislegum kennsluháttum og að taka þátt í samræðum um félagsleg og siðferðileg málefni verða með tímanum færari um að hugsa út frá sjónarhorni einstaklingsins og heildarinnar á sama tíma. Mikilvægt sé að þeir sem koma að uppeldi barna og ungmenna hugi að því að veita þeim tækifæri til þess að ræða um ýmis siðferðileg og félagsleg málefni þar sem mismunandi sjónarmið koma fram. Með því sé stutt við hæfni þeirra til þess að víkka sjóndeildarhringinn og bæta við þau hugsunarform sem þau hafa fyrir. Þannig verði þau hæfari til að leysa hin ýmsu vandamál og verkefni sem upp geta komið í hinu daglega lífi.

Starfshættir í grunnskólum er rannsókn á kennsluháttum og kennsluaðferðum í grunnskólum á Íslandi og fór fram á tímabilinu 2008 til 2013. Rannsóknin náði til 20 grunnskóla á landinu og er ein sú víðamesta sem gerð hefur verið í grunnskólum hér á landi. Hér verður gerð grein fyrir þeim niðurstöðum sem teljast áhugaverðar í ljósi viðfangsefnis rannsóknar minnar.

Í rannsókninni var fjallað um nám, þátttöku og samskipti nemenda í skólanum, sýn nemenda á nám og kennsluaðferðir og vettvang nemenda til að hafa áhrif og koma hugmyndum sínum áleiðis (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014). Niðurstöður sýndu að meirihluti nemenda fannst kennslan frekar góð en áhugi þeirra gagnvart náminu var samt sem áður ekki mikill. Þá var áberandi að nemendur vildu meiri fjölbreytni í

námsaðferðum, sem dæmi um fjölbreytni í náminu nefndu þeir verkefni sem fela í sér samvinnu í hópum þar sem hægt sé að spyrja spurninga, rökræða og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þá nefndu nemendur einnig kosti þess að vinna sjálfstætt og bera ábyrgð. Í ljós kom að nemendum fannst kennsluáðferðirnar einhæfar, þar sem kennarinn sér um að tala og nemendur vinna í vinnubækur og glósa. Þá telja nemendur áherslu á þátttöku sína í skólasamfélaginu og áhrif á námið vera afar takmarkaða. Kom þetta einnig í ljós í vettvangsathugunum þar sem sjaldan var skýrt út fyrir nemendum hvernig þeir gætu verið þátttakendur. Kom það fram í rannsókninni að nemendur voru hvattir til að koma með hugmyndir að viðfangsefnum en ekkert benti til þess að tekið væri tillit til þess sem þau sögðu eða brugðist við hugmyndum þeirra með einhverjum hætti (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014).

Árið 2015 framkvæmdi Helga Helgadóttir rannsókn á lýðræði í skólastarfi tveggja grunnskóla. Báðir skólarnir lögðu sérstaka áherslu á lýðræði í skólastarfi samkvæmt heimasíðum þeirra. Í þeim tveimur skólum sem til skoðunar voru var leitað eftir viðhorfum fimm kennara og tveggja skólastjórnenda en einnig var rætt við 13 nemendur um hugmyndir þeirra og reynslu af lýðræði í skólastarfi. Niðurstöður leiddu í ljós að þrátt fyrir jákvæð viðhorf til lýðræðis í skólastarfi meðal skólastjórnenda og kennara var skilningur á því hvað fælist í slíku starfi misjafn. Hluti viðmælenda taldi aukið lýðræði í skólastarfi verða til þess að nemendur gerðu það sem þeim sýndist í skólanum og virtist vera nokkuð um hræðslu við að missa alla stjórn á nemendum. Viðtöl við nemendur gáfu hins vegar aðra sýn á viðfangsefnið, þar sem óskir þeirra virtust sanngjarnar og fólust í því að hafa meiri áhrif á nám sitt og skólastarf. Töldu þeir jafnframt að kennarar mættu hlusta betur á skoðanir nemenda.

Í meistararannsókn Jóns Breiðfjörðs Guðmundssonar (2016) kannaði hann viðhorf nemenda á lokaári sínu í grunnskóla til lýðræðis og hversu undirbúin þau töldu sig vera til þátttöku í íslensku lýðræðissamfélagi. Rýnihópaviðtöl voru tekin við tíu grunnskólanemendur úr þremur grunnskólum víðsvegar af landinu. Samkvæmt niðurstöðum töldu nemendur sig almennt óundirbúna undir virka þátttöku í samfélaginu. Finnst þeim skoðanir sínar og viðhorf vega lítið innan skólasamfélagsins og töldu þeir fá tækifæri bjóðast til að taka ábyrgð á eigin námi og námsumhverfi.

Rannsóknir benda til þess að borgaraleg þátttaka ungs fólks í heiminum er stöðugt að breytast (sjá t.d. Lorentzen og Hustinx, 2007; Dalton, 2008). Nú á tímum er borgaraleg virkni ungmenna frekar tímabundin og tengd afmörkuðum málstað (Hyde, Dunn, Bax, Chambers, 2016). Lítil kosningaþátttaka er áberandi en þátttaka ungs fólks er samt sem áður að aukast annars staðar, t.d. í sérstökum átaksverkefnum á netinu,

með herferðum og þrýstihópum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Nýjar og sveigjanlegar leiðir veita fólki tækifæri til að bregðast við einstökum málefnum, koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á augabragði (Flowers, 2014).

Í doktorsrannsókn sinni kannaði Ragný Þóra Guðjohnsen (2016) annars vegar með spurningalistum hvort samkennd ungmenna, uppeldishættir foreldra og eigin þátttaka ungmenna í sjálfbóðaliðastarfi skipti máli fyrir viðhorf þeirra til mikilvægis virkrar borgaralegrar þátttöku. Þátttakendur voru 14 og 18 ára (n=1042) úr grunn- og framhaldsskólum í þremur byggðarkjörnum landsins. Hins vegar skoðaði hún með viðtölum viðhorf ungs fólks til þess hvað það merkir að vera góður borgari. Þátttakendur voru 21 ungmenni úr hópi þeirra sem svöruðu spurningalistum. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna mikilvægi góðra uppeldishátta og samkenndar ungmenna fyrir borgaraleg viðhorf. Þá kom í ljós að sjálfbóðaliðastarf getur gefið ungu fólki góða reynslu sem styður við jákvæð viðhorf þeirra til þess að vera virkur þátttakandi í samfélaginu. Ungmennin lögðu einnig mikla áherslu á borgaraleg gildi, svo sem heiðarleika, traust, samkennd og virðingu. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja við mikilvægi þess að vinna með ungu fólki að því að efla lýðræðishugsjónina. Nauðsynlegt er að byrja snemma að styrkja borgaraleg viðhorf, borgaralega hæfni og gildi barna og ungmenna. Fram kom að allir þeir sem koma að hinu borgaralega uppeldi þurfa að taka þátt svo sem yfirvöld, félagslegar hreyfingar, skólastofnanir og foreldrar og veita þarf börnum og ungmönnum leiðsögn og fjölbreytt tækifæri til borgaralegrar þátttöku.

2.1.8 Erlendar rannsóknir

Rannsóknir á lýðræði í skólastarfi hafa verið framkvæmdar víða um heim og má í því samhengi nefna rannsóknina *Building a democratic society: exploring Singapore students understandings of democracy* (Sim og Krishnasamy, 2015). Í rannsókninni var leitað eftir viðhorfi og skilningi nemenda í Singapore á lýðræði. Rannsóknin er byggð á viðtölum sem tekin voru við 64 nemendur úr þremur framhaldsskólum ásamt því að skoða námskrár skólanna. Þegar hugsað er um lýðræði, kemur Singapore ekki fyrst upp í hugann en samkvæmt stjórnarskrá (*e. National Heritage Board*) þeirra eiga nemendur að tjá hollustu við land sitt á hverjum morgni í skólanum. Loforðið um hollustu felst í því að skuldbinda sig til að byggja upp lýðræðislegt samfélag sem einkennist af réttlæti og jafnrétti. Þrátt fyrir þetta leiddi rannsóknin í ljós að nemendur höfðu litla þekkingu á lýðræði, virtust sætta sig við stéttaskiptingu og voru með yfirborðskenndar hugmyndir um ríkisborgararétt. Skólaumhverfið og kennslustundir í samfélagsfræði sem byggðar

voru á félagsfræðilegum rannsóknum skiluðu litlu til nemenda og virtust ekki stuðla að lýðræðislegum hugsunarhætti.

Í rannsókn Thornberg og Elvstrand (2012) sem ber heitið *Children's experiences of democracy, participation, and trust in school* var könnuð upplifun nemenda á lýðræðislegri þátttöku þeirra innan skólans og trausti gagnvart skólanum. Rannsóknin var framkvæmd í þremur grunnskólum í Svíþjóð. Safnað var gögnum frá október 2002 til maí 2003 og frá nóvember 2003 til maí 2004. Í fyrra skiptið tóku 141 nemandi þátt ásamt 13 kennurum og í seinna skiptið tóku 42 nemendur þátt og 16 kennarar. Tveir þessara skóla teljast til hefðbundinna skóla en sá þriðji var opinn skóli þar sem lýðræðislegir starfshættir voru hluti af stefnu skólans.

Þrátt fyrir vilja kennara í öllum skólunum og lýðræðislega skólastefnu eins skólans virtist lýðræðisleg þátttaka nemenda ekki vera nægilega mikil og leiddu niðurstöður í ljós að hindranir voru í öllum skólunum. Fullorðna fólkíð tók flestar ákvarðanir í tengslum við skólann og það að setja bekkjarreglur. Nemendur fengu sjaldan tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og móta reglur í gegnum opnar umræður. Nemendur fengu jafnframt fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum og höfðu þar af leiðandi lítil áhrif innan skólanna. Einnig töldu þeir kennara oft ósanngjarna og upplifðu misskiptingu gagnvart nemendum þegar kom að því að tjá sig í tímum. Nemendur töldu sig margir hverjir ekki færa um að taka ákvarðanir þar sem kennararnir vissu alltaf best. Einn viðmælanda sagði það vera vegna þess að krakkar vilja bara gera „skemmtilega hluti“. Elstu nemendurnir voru hins vegar margir á því máli að þeir ættu að fá að taka þátt í að móta reglur innan skólans.

Í sænskri rannsókn var leitað svara við því hvort sú aðferð sem notuð er við ákvarðanatöku í skólasamfélaginu hafi áhrif á viðbrögð nemenda með tilliti til starfsemi skólanna. Því er velt upp hvort það sé mögulegt að bæta skólastarfsemina með vel hugsaðri sameiginlegri ákvarðanatöku. Rannsóknin skiptist í sex hluta og voru þátttakendur samanlagt í öllum rannsóknunum 1885 talsins. Þátttakendur eru ungmenni á aldrinum 17-19 ára frá mismunandi svæðum í Svíþjóð. Niðurstöður gáfu til kynna að formið sem notað er í ákvarðanatöku skiptir nemendum mestu máli og samþykki þeirra á aðferðum sem notaðar eru við ákvarðanatökuna. Hins vegar skipti samþykki þeirra fyrir endanlega ákvörðun ekki eins miklu máli. Miklu virðist skipta fyrir nemendum að notaðar séu lýðræðislegar aðferðir við ákvarðanatöku í skólasamfélaginu og að þeir fái tækifæri til að lifa sem virkir lýðræðislegir borgarar en ekki aðeins verðandi borgarar framtíðarinnar (Gilljam, Esaiasson og Lindholm, 2010). Sambærilegar niðurstöður komu fram í rannsókn Mager og Nowak (2012) þar sem áhrif þátttöka

nemenda í tengslum við ákvarðanatöku í skólasamfélaginu var skoðuð. Niðurstöður þeirra gefa til kynna að raunveruleg þátttaka nemenda hafi jákvæð áhrif, m.a. á sjálfsmynd þeirra, lýðræðis- og borgaralega hæfni þeirra, samskiptahæfni og viðhorf til skólans. Telja rannsakendur þó mikla þörf á frekari og stærri rannsóknum á þessu sviði.

Samantekt

Þegar skoðaðar hafa verið framangreindar rannsóknir um lýðræði og borgaralega virkni grunnskólanema kemur í ljós að raunveruleg þátttaka hefur jákvæð áhrif, m.a. á sjálfsmynd þeirra og lýðræðis- og borgaralega hæfni.

Ungmenni í framangreindum rannsóknum voru ekki með miklar kröfur en vildu fá að hafa meiri áhrif á nám sitt og skólastarf. Þá fannst þeim kennarar mega hlusta betur á nemendur sína og virða skoðanir þeirra.

Af þessum rannsóknum má sjá að með virkri þátttöku ungmenna má hjálpa þeim að víkka sjóndeildarhringinn og takast á við hin ýmsu vandamál og verkefni sem upp geta komið í hinu daglega lífi.

Rannsóknarspurningar

Lýðræðis- og borgaraleg virkni ungmenna í skólastarfi hefur verið rannsakað nokkuð, bæði á Íslandi og erlendis. Með rannsóknum á þessu sviði er leitast við að bregðast við auknum kröfum í menntamálum þar sem sjónum er m.a. beint að lýðræði og borgaralegri þátttöku ungmenna. Má þá nefna að eitt af hlutverkum skólans er að veita nemendum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Í ljósi þessi er hér leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

Rannsóknarspurningar

- Hver er skilningur ungs fólks á merkingu hugtaksins lýðræði?
- Hver er upplifun ungs fólks af lýðræði í skólastarfi?

Með rannsókn á þessu sviði leitast ég eftir því að bæta við þær rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið hér á landi en eins og áður hefur komið fram er þörf á fleiri rannsóknum á þessu sviði. Vonast ég til þess að geta hjálpað mér og öðrum kennurum að skilja betur sýn barna og ungmenna á lýðræði ásamt því hvernig lýðræðislegir starfshættir geta haft áhrif í skólasamfélaginu. Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að öðlast dýpri skilning á upplifun og sýn nokkurra íslenskra ungmenna á lýðræði í

skólasamfélaginu ásamt því að skoða hvort lýðræðislegir kennsluhættir séu raunverulega til staðar innan skólans.

3 Aðferðarfræði og framkvæmd rannsókna

Í þessum kafla er lýst þeirri rannsóknaraðferð sem notuð var við rannsóknina en jafnframt er fjallað um rannsóknarsnið, réttmæti og áreiðanleika í rannsókn sem þessari. Einnig er gerð grein fyrir vali á þátttakendum og því hvernig gagna var aflað. Þá er sagt frá framkvæmd rannsóknarinnar og úrvinnslu gagna og að lokum er fjallað um siðferðileg álitamál sem kunna að koma upp.

Við rannsóknina voru notaðar aðferðir eigindlegra rannsókna (e. qualitative). Eitt af meginhlutverkum eigindlegra rannsókna er að gefa sem besta mynd af aðstæðum hverju sinni þar sem rannsakandi leitast við að gefa innsýn ásamt því að kanna og skilja hugmyndir viðmælenda (Lichtman, 2013). Eigindlegt rannsóknarsnið hentaði þessari rannsókn vel þar sem leitast er við að nálgast upplifanir og hugmyndir ungmenna tengdar lýðræði í skólastarfi.

Rannsóknarsnið

Í þessari rannsókn var stuðst við rannsóknarsnið tilviksrannsókna (e. case study research) en tilgangur þeirra er að rannsaka eitt eða fleiri tilvik (e. case) í smáatriðum til að þróa nákvæman skilning á því. Tilvikið getur verið einn einstaklingur eða líttill sem og stór hópur einstaklinga sem taldir eru hafa svipaða hæfni, reynslu eða persónueinkenni. Einnig getur það falið í sér ákvörðun, stefnu, feril eða skoðun á ákveðnum aðstæðum eða atburði (Lichtman, 2013). Rannsakandi stjórnar því sjálfur hversu umfangsmikil rannsókn hans er en hafa skal í huga við gagnaöflun að rannsóknin verði ekki of lítil þannig að niðurstöður hennar verði einsleitar en jafnframt má hún ekki vera það stór að erfitt sé að greina gögnin. Mikilvægt er að rannsakandi safni gögnum á skipulegan hátt með það að markmiði að svara þeim rannsóknarspurningum sem hann setti fram í upphafi (Lichtman, 2013; McMillan, 2012).

Þátttakendur

Viðmælendur voru sex ungmenni á aldrinum 13-14 ára og ganga þau öll í sama skóla á höfuðborgarsvæðinu. Til að tryggja fjölbreytileika voru tekin viðtöl við þrjá drengi og þrjár stúlkur.

Við val á viðmælendum í rannsóknina var stuðst við svokallað hentugleikaúrtak (e. convenience sampling). Þessi úrtaksaðferð er mikið notuð í eigindlegum rannsóknum þegar velja á einstaklinga í úrtakið sem best er að ná til (Polit og Beck, 2006). Með því að nota þessa aðferð gat ég gengið úr skugga um að þau ungmenni sem kæmu í viðtölin ættu auðvelt með að tjá sig og væru ófeimin við að koma skoðunum sínum á framfæri.

Til að gefa skýrari mynd af viðmælendum rannsóknarinnar kemur hér stutt lýsing á hverjum og einum. Viðmælendum var tjáð að farið yrði með öll rannsóknargögn sem trúnaðarmál og hefur nöfnum og staðarháttum verið breytt í þeim tilgangi að gæta fyllsta trúnaðar.

Jón er 13 ára gamall. Hann býr með móður sinni og systur. Hann hefur alltaf verið í sama grunnskólanum fyrir utan eitt ár sem hann flutti erlendis og fór í skóla þar. Jón (13) lýsir sjálfum sér sem mjög „hæper“ einstaklingi, sem stundar mikið af íþróttum og talar mikið. Jón (13) segist elska flestar íþróttir en hans aðaláhugamál er tennis sem hann æfir með bestu vinum sínum. Segir hann tennis vera sína uppáhaldsíþrótt, vegna spennunnar sem ríkir allan leiktímann og þarf hann því að nota hugann og einbeita sér allan tímann.

Guðrún er 13 ára gömul. Hún býr með foreldrum sínum og tveimur systkinum. Hún lýsir sjálfri sér sem ópolinmóðri og segist eiga það til að vera á mikilli hreyfingu. Guðrún (13) segist leggja sig alla fram í því sem skiptir hana máli í skólanum og áhugamálunum en eigi það samt til að vera aðeins utan við sig. Hún æfir handbolta þrisvar í viku en einnig hefur hún verið að syngja í kór í nokkur ár.

Ari er 14 ára gamall. Hann býr með foreldrum sínum og tveimur yngri bræðrum. Hann hefur alla tíð átt heima á sama stað og stundað nám í sama grunnskólanum. Ari (14) segist vera mikill íþróttamaður, mjög agaður á sjálfan sig og það skýri það hvernig hann er í skólanum og í íþróttum. Þá segir hann „ég geri alltaf mitt besta í öllu sem ég geri og [er] bara ákveðinn og duglegur ... þessi týpa sem vinnur fyrir öllu sem ég geri“. Hann æfir handbolta og segir hann mestan frítíma sinn fara í það, en milli þess sem hann mæti á skipulagðar æfingar með liðinu æfi hann sig sjálfur.

Kristín er 14 ára gömul. Hún býr með foreldrum sínum og tveimur systur. Hún hefur verið í tveimur grunnskólum og hóf nám í umræddum skóla í 5. bekk. Kristín (14) lýsir sjálfri sér sem skemmtilegri, fyndinni og hugmyndaríkri stelpu sem á margar vinkonur. Hún hefur æft dans í nokkur ár og er nýlega farin að æfa á píanó.

Margrét er 14 ára gömul. Hún býr með foreldrum sínum og eldri systur. Hún hefur alla tíð verið í sama grunnskólanum en bjó erlendis um tíma þegar hún var yngri. Margrét lýsir sjálfri sér sem skemmtilegri stelpu sem er feimin í fyrstu en segist vera

fljót að kynast fólki og tali mjög mikið. Fyrir utan skóla segir hún allan sinn tíma fara í æfingar en hún æfir handbolta og spilar á flautu í skólahljómsveit.

Ellert er 13 ára gamall. Hann býr með foreldrum sínum og einni systur. Hann hefur alltaf verið í sama skólanum en bjó erlendis um tíma þegar hann var yngri. Ellert (13) lýsir sjálfum sér sem skemmtilegum strák og góðum vin sem hægt sé að teysta. Hann æfir fótbolta og finnst gaman að spila skák en hann tekur reglulega þátt í skákmótum á vegum skólans.

Framkvæmd rannsóknar

Tekin voru sex hálfopin einstaklingsviðtöl við ungmenni á aldrinum 13-14 ára, þrjár stúlkur og þrjú drengi. Áður en viðtölin fóru fram var fyrirhuguð rannsókn tilkynnt til Persónuverndar. Þá var haft samband við einn skólastjórnanda við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og honum kynnt efni rannsóknarinnar með kynningarbréfi. Óskað var eftir þátttöku skólans í rannsókninni og reyndist skólinn tilbúinn til þátttöku. Jafnframt var óskað eftir aðstoð frá skólastjórnanda og kennurum á unglingsstigi við val á nemendum sem myndu geta tekið þátt í rannsókninni. Í framhaldi var haft samband við sex nemendur og foreldra þeirra og voru allir samþykkir þátttöku.

Lagt var upp með að viðtölin færu fram þar sem ungmennin upplifðu sig örugg og því var ákveðið að þau væru tekin í skólanum á þeirra skólatíma. Fyrir hvert viðtal var viðmælendum heitið fullum trúnaði og þeim tilkynnt að nöfnum og öðrum persónuupplýsingum yrði breytt í birtingu gagna. Þá var einnig útskýrt fyrir viðmælendum hver tilgangur rannsóknarinnar væri og farið yfir hvernig unnið yrði með þau gögn sem söfnuðust. Með þessu móti var hægt að byggja upp traust milli rannsakanda og viðmælenda en samkvæmt Alderson og Morrow (2004) er traust og virðing grundvallarlögmál siðferðis.

Notast var við hálfopin viðtalsramma sem var útbúinn og miðaðist hann við fyrirfram ákveðna efnisflokka. Innan hvers efnisflokks var leitað svara við ákveðnum lykilsurningum en að öðru leyti þróuðust viðtölin út frá mismunandi svörum viðmælenda og innihald samræðna varð því oft ólíkt milli þátttakenda. Lögð var áhersla á að hafa samtöl milli rannsakanda og viðmælenda sem eðlilegust fremur en eins og formleg viðtöl. Ungmennin voru hvött til þess að tjá sig opinskátt og vera hreinskilin.

Viðtölin voru tekin upp á stafrænt upptökutæki til þess að hjálpa til við úrvinnslu og veittu viðmælendum munnlegt samþykki fyrir því en þeim var tilkynnt að upptökunum yrði eytt um leið og búið væri að vinna úr þeim og skrifa þau upp. Að viðtölunum


loknum var hlustað á hljóðupptökurnar, viðtölin skrifuð orðrétt upp og rannsakandi ritaði hjá sér athugasemdir.

Greining og úrvinnsla gagna

Greining hófst með nákvæmum lestri viðtalanna og voru hugtök sem komu ítrekað fyrir í gegnum öll viðtölin merkt og dregin út með opinni kóðun (Emerson, Fretz og Shaw, 1995).

Við nánari greiningu og úrvinnslu gagnanna var notað *Borgaravitundarlíkan Sigrúnar Aðalbjarnardóttur* (2008). Fræðilegar rætur líkansins liggja bæði í heimspeki og sálfræði. Byggt er á hefðum fyrirbærafræði (Heidegger, 1962; Husserl, 1970) með áherslu á túlkunarfræði þar sem reynsla fólks er túlkuð og sett í samhengi. Einnig er byggt á kenningum um sálfélagslegan þroska með áherslu á hvernig einstaklingar smíða og endursmíða þekkingu sína og skilning á sjálfum sér og umhverfi sínu með auknum aldri, þroska og reynslu (Kohlberg, 1976; Kohlberg, 1984; Piaget, 1932/1965; Selman, 1980). Félagsleg hugsmíðahyggja (Vygotsky, 1978; Tobias & Duffy, 2009) er sú hefð sem nær utan um samþættingu framangreindra kenninga (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Neðri hluti líkansins sem snýr að þroska er ekki notaður í þessari rannsókn enda byggir rannsóknin ekki á langtímagögnum. Efri hluti líkansins sem notaður er byggir á þremur efnisflokkum borgaravitundar og lýðræðislegrar þátttöku en þeir eru eftirfarandi: *Þekking og skilningur; Persónuleg merking; Leiðir til lýðræðislegrar þátttöku*, sjá mynd

1.



Mynd 1 . Borgaravitundarlíkan Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2008).

Þættir líkansins eru þættir sem taldir eru mikilvægir þegar huga á að eflingu borgaravitundar ungmenna. Í fyrsta lagi það að kanna þekkingu og skilning viðmælenda á grundvallarhugtökum lýðræðis, eins og lýðræðishugtakinu sjálfu, réttlæti, valdi og áhrifum. Í öðru lagi það að huga að því hvaða merkingu þessi hugtök hafi fyrir þau, til dæmis hvernig þau tengja merkinguna við þátttöku sína í skólasamfélaginu. Í þriðja lagi það að huga að leiðum sem ungmennin nota til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Í þessari rannsókn vísar þekking og skilningur til þess hvernig og hvort ungmennin þekki og skilji hugtakið lýðræði. Persónuleg merking vísar til þess hvernig þau tengja lýðræði og önnur hugtök við þátttöku sína í skólasamfélaginu og leiðir vísa til þess hvernig ungmennin koma málefnum sínum á framfæri, sem getur meðal annars komið fram með þátttöku í nemendaráði eða samræðum í kennslustundum.

Við greiningu gagnanna var því næst gerð markviss kóðun og leitað var eftir þeim innan hvers efnisflokks greiningarlíkansins; *Þekking og skilningur*; *Persónuleg merking*; *Leiðir til lýðræðislegrar þátttöku*. Gögnin voru marglesin þar til metun kom fram sem verður þegar greining viðbótargagna leiðir ekki til nýrra uppgötvana eða skilnings á þeim þætti sem skoðaður er og ekki birtast lengur nýjar áherslur eða þemu í gögnunum (Charmaz, 2006).

Efnisflokkarnir og þemun voru því næst sett fram í töflu. Við það fékkst góð heildarmynd af þeim rauðu þráðum sem einkenndu rödd viðmælenda.

Siðferðileg álitamál

Við framkvæmd rannsóknarinnar komu ekki upp nein sérstök siðferðileg álitafni. Mikilvægt er að hafa í huga að það er á ábyrgð rannsakanda að þátttakendur í rannsókn hans beri engan skaða af þátttöku. Því var lögð áhersla á að gæta fyllsta trúnaðar og að afla upplýsts samþykkis þátttakenda og foreldra og forráðamanna (Lichtman, 2013).

Þegar viðtöl eru tekin við börn og ungmenni þarf að gæta þess að öll leyfisbréf skili sér fyrir viðtölin, undirrituð af foreldrum eða forráðamönnum (Lichtman, 2013). Allir þátttakendur voru jákvæðir gagnvart rannsókninni og tilbúnir að ræða opinskátt um viðfangsefni hennar. Fyrir viðtölin lagði ég mig fram um að vera ekki með neinar fyrirfram ákveðnar hugmyndir um lýðræðislega starfshætti í skólum á unglingastigi grunnskólans enda einungis með kennslureynslu á yngsta- og miðstigi grunnskólans.

Þátttakendur í rannsókninni voru aðeins sex talsins sem gerði mér kleift að kafa djúpt í þau gögn sem unnið var með og fá þannig góða sýn á viðfangsefnið. Takmarkanir rannsóknarinnar felast hins vegar í því að einungis er um að ræða fámennan hóp

ungmenna og því ekki hægt að afhæfa út frá niðurstöðum yfir á heild allra 13-14 ára ungmenna. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja alfarið á samræðum mínum við þau ungmenni sem ég tók einstaklingsviðtölin við, þar sem þau ræddu um hugmyndir sínar og upplifun af lýðræði í skólanum.

4 Niðurstöður: Rödd ungmenna

Hér á eftir verður fjallað um upplifun og sýn ungmennanna á lýðræði í skólastarfi eins og hún birtist í svörum þeirra við spurningum sem lagðar voru fyrir í viðtölunum. Sjónarmið þeirra verða kynnt og þemu sem fram komu í máli þeirra í þremur undirköflum sem bera heiti efnisflokka rannsóknarinnar (sjá töflu 1).

Tafla 1. Upplifun og sýn ungmenna á lýðræði í skólastarfi

Upplifun og sýn ungmenna á lýðræði í skólastarfi		
Efnisflokkar		
Þekking og skilningur á lýðræði	Persónuleg merking	Leiðir til lýðræðislegrar þátttöku
Þemu	Þemu	Þemu
Fólkið fær að hafa áhrif Kosningaþátttaka	Vilji ungmenna til áhrifa	Samræður um málefni líðandi stundar
Jafnrétti	Samskipti -kennarar og nemendur -innan nemendahóps	Áhrif nemenda á nám sitt
		Skóla- og bekkjarreglur
		Nemenda- og skólaráð

Þekking og skilningur á lýðræði

Í viðtölum við ungmennin var leitast við að fá skýra mynd af þekkingu og skilning þeirra á lýðræðishugtakinu sjálfu. Tvö þemu komu fram í máli ungmennanna fyrir efnisflokkinn þekking og skilningur á lýðræði; *Fólkið fær að hafa áhrif og Jafnrétti*.

4.1.1 Fólkið fær að hafa áhrif

Ungmennin voru öll með nokkuð svipaðar hugmyndir um hugtakið lýðræði. Áhersla var lögð á það að fólkíð fái að hafa áhrif og virðist skilningur þeirra að miklu leyti mótast af hugmyndum þeirra um fulltrúalýðræði eins og þau upplifa það hér á landi. Fólkið fær að hafa áhrif með því að ganga til kosninga og kjósa sér fulltrúa til setu á Alþingi. Á máli unga fólksins komu fram fjölmörg dæmi um þennan skilning.

Ellerts (13) sagði lýðræðið í íslensku samfélagi mikilvægt og tengir það við að fólkíð í samfélaginu getur haft áhrif. Sem dæmi nefndi hann kosningar: „Við megum kjósa og við höfum réttindi til þess að mótmæla og já þú veist öll kynin og sama hver þú ert svo lengi sem þú býrð á Íslandi og ert með ríkisborgararétt þá færðu að kjósa“. Einnig gefur hann dæmi um þátttöku nemenda í skólanum en hann telur lýðræði í skólafarfinu koma fram með því að nemendur fái „að hafa áhrif á námið ... hvernig við fáum að vinna verkefni og svona“ og segir hann nemendur stundum fá að ráða eða velja úr nokkrum valmöguleikum, sérstaklega þegar unnið er í spjalddölvum.

Kristín (14) tengir lýðræði einnig við það „þegar fleiri fá að hafa áhrif á það sem gerist í samfélaginu“. Hún nefndi einnig að fólk geti haft áhrif með því að taka þátt í kosningum en sjálf segist hún vera harðákveðin í því að kjósa um leið og hún hefur aldur til.

Jón (13) er í fyrstu ekki viss um merkingu hugtaksins lýðræði en eftir stutt spjall segist hann hafa lært sitthvað um lýðræði í samfélagsfræði þar sem umræður hafa farið fram um það hvernig fólk getur haft „... svona áhrif á það hvernig landið er og hvort við getum betrubætt það þannig það verði sanngjarnt fyrir sem flesta“. Hann útskýrir að lýðræðislegir starfshættir geti líka átt við í annars konar samfélögum eins og t.d. skólasamfélaginu. Hann segist þó ekki vera viss hvort um raunverulegt lýðræði sé að ræða í skólasamfélaginu en hann segir að „ef það væri [lýðræði] í skóla þá myndu allir fá að taka þátt í umræðu um skólann og námið“.

Margrét (14) telur lýðræði einnig felast í því að fólkíð fái að taka þátt og hafa áhrif bæði í samfélaginu og skólanum. Hún segir að stjórnámalámennt séu oft með aðra sýn á hlutunum en almenningur og þar af leiðandi sé það mikilvægt að fólkíð fái að láta í sér heyra. Henni finnst þetta einnig eiga við í skólanum og segir: „... við nemendur skiptum líka máli af því þetta erum við sem erum að læra“. Margrét (14) segir kennarana ráða í skólanum en það sé lýðræði ef að nemendur geti haft áhrif. Hún kemur með myndlíkingu til þess að útskýra mál sitt: „Þá eru kennararnir eins og stjórnámalafólkið skiluru en við [nemendur] erum almenningur“.

Þegar Ari (14) ræðir skilning sinn á lýðræði kemst hann svo að orði: „já ég veit nú eitthvað en kannski ekki alveg út í dýpstu rætur sko“. Hann segist hafa ákveðna hugmynd um lýðræðið eins og hann sér það fyrir sér hér á landi. Lýðræði tengir hann meðal annars við þátttöku fólks í kosningum og orðar það á eftirfarandi hátt:

Ísland er lýðræðisríki ... [þá] fá allir að taka þátt eins og þegar það eru kosningar þá kjósa allir í landinu það er ekki einn sem tekur einhverja eina ákvörðun og þú veist þannig að það eru allir sem fá að hafa áhrif og sama hvort það sé á öllu landinu eins og ef það væri í skóla þá myndu allir fá að taka þátt í umræðu og hafa áhrif ... ég held það sé eitthvað í þá áttina.

Guðrún (13) er nokkuð óörugg þegar hún er spurð út í skilning sinn á hugtakinu lýðræði. Hún segist ekki vera alveg viss en segir svo: „er það ekki svona mikið af fólki ... hvernig þau hafa áhrif á hvort annað ... og hvernig það gengur og þannig“.

4.1.2 Jafnrétti

Í viðtölum við ungmennin má víða sjá hvernig þau tengja gildi eins og jafnrétti við hugmyndir sínar um lýðræði. Þegar þau voru spurð hvaðan þau hafa hugmyndir sínar um lýðræði og hvort einhver fræðsla eigi sér stað í skólanum minnst flest ungmennin á kennslustundir þar sem jafnréttisfræðsla á sér stað.

Af svörum Ellerts (13) má sjá hvernig hann tengir lýðræði og jafnrétti saman. Þegar hann er spurður hvar hann hafi lært um lýðræði segir hann: „Það eru smiðjur sem við förum í og ein af þessum smiðjum heitir bara jafnrétti og þar erum við að læra um jafnrétti kynjanna og gera alls konar verkefni“. Í þessum tímum segir hann að stundum sé talað um kvennabaráttuna á Íslandi, nemendur hafi gert myndbönd eða þá bara talað saman sem hann segir að sé yfirleitt mjög skemmtilegt og lærdómsríkt.

Kristín (14) nefnir að hún hafi eitthvað lært um lýðræði í samfélagsfræði þar sem stuðst hefur verið við bókina *Lýðræði og tækni* en hún segir: „Við lærðum kannski ekki beint um lýðræði en meira bara svona um söguna og hvernig var einu sinni, þá var bara einn sem réði ... það var bara kóngurinn sem þróaðist út í meira jafnrétti þegar fólk fór að taka þátt“. Í máli Kristínar (14) kemur fram að hún telur að það hljóti allt að ganga betur þar sem meiri hlutinn fær að ráða. Hún segir: „ég held það sé meiri friður þar ... svona meira frelsi einhvern veginn“.

Í máli Jóns (13) kemur fram að lítið sé um lýðræðislega fræðslu en hann minnst þess aðeins að hafa lært eitthvað um lýðræði í lífsleikni þar sem kennarinn „fellur út í það þegar við erum með svona frítíma og þannig“. Þá segir hann að jafnrétti kynjanna sé oft til umræðu. Hann nefnir að lýðræði snúist um mannréttindi þar sem allir eiga að fá jöfn tækifæri. Sem dæmi segir hann stelpur eiga að fá sömu tækifæri til náms og strákar en það sé því miður ekki þannig alls staðar í heiminum.

Margrét (14) segir helst rætt um lýðræði í samfélagsfræði, þar sem m.a. hefur verið talað um jafnrétti og þjóðarkosningar. Að öðru leyti sé lítið um lýðræðislega fræðslu í skólanum en telur þó að það verði tekið fyrir á næstu skólaönn. Hún segir það skipta máli að ræða um jafnrétti í skólanum, eins og t.d. í tengslum við flóttafólk og hælisleitendur. Hún telur það lærdómsríkt þegar tekin eru raunveruleg dæmi í umræðum og segir: „Þá vitum við frekar hvað er í gangi í heiminum ... mér finnst það mjög fínt af því það fylgjast ekkert allir endilega með fréttum og þannig að það er gott að fá þessa fræðslu í skólanum líka“.

Ari (14) segir að stundum sé talað um lýðræði í skólanum, „samfélagsfræðikennarinn ... leggur mikla áherslu á svona jafnrétti, lýðræði og allskonar svoleiðis“. Hann segir mikinn lærdóm felast í því að ræða um málefni eins og „fordóma, jafnrétti ... útlendinga á Íslandi og alls konar svona“ en þá þurfi nemendur að kafa dýpra og kljást við ólíkar skoðanir og hugmyndir um viðkvæm málefni. Ari (14) nefnir þó að hann hafi einnig lært um lýðræði með því að lesa fréttasíður sér til gamans ásamt því að horfa stundum á fréttir í sjónvarpinu. Einnig með því að taka þátt í samræðum við foreldra sína sem tala oft um það sem er í gangi í heiminum og þannig segist hann læra „svona svolítið sjálfkrafa“.

Guðrún (13) nefnir lífsleiknikennslu og samfélagsfræði sem helsta vettvanginn fyrir lýðræðislega fræðslu. Henni er einnig mjög umhugað um jafnrétti kynjanna en hún segir að í lífsleikni og samfélagsfræði ræði þau stundum um jafnrétti og úrehtar staðalmyndir kynjanna.

Persónuleg merking

Með persónulegri merkingu er átt við það hvernig ungmennin tengja hugtakið lýðræði og önnur hugtök eins og samskipti, áhrif, réttlæti o.s.frv. við sig og sitt líf. Upplifa þau sig til dæmis sem lýðræðislega þátttakendur í skólasamfélaginu? Og hvaða merkingu

hefur það fyrir þau? Tvö þemu komu fram í máli ungmennanna fyrir efnisflokkinn persónuleg merking af lýðræði; *Vilja tjá skoðanir sínar; Samskipti og Nemendahópurinn*.

4.1.3 Vilja tjá skoðanir sínar

Í viðtölum við ungmennin voru þau spurð að því hvort áhugi sé til staðar hjá þeim til að hafa áhrif innan skólasamfélagsins eða utan þess. Þemað að vilja tjá skoðanir sínar einkenndi umræðu þeirra og hversu mikilvæg þau töldu þau lýðræðislegu tækifæri sem þau hefðu til að tjá skoðanir sínar. Vísuðu þau í því sambandi bæði til samfélagsins í heild og til skólasamfélagsins. Einkum voru þeim hugleikin mál sem snerta ungt fólk. Horfum nú til svara þeirra hvað þennan þátt varðar.

Ellert (13) segir að „það væri alveg gaman að taka þátt, eins og í nemendaráði en ég veit ekki hvort ég myndi samt geta breytt einhverju“. Hjá honum kemur samt sem áður skýrt fram að það skipti máli að nemendur hafi eitthvað um það að segja hvað á sér stað í skólanum, t.d. þegar kemur að verkefnum, þemadögum og félagslífinu.

Kristín (14) nefnir að það gæti verið gaman að hafa áhrif og segir: „Ef ég væri í nemendaráði þá myndi ég leggja áherslu á að nemendur geri meira saman, bæði í tímum og félagsmiðstöðinni“. Einnig segir hún að unglingar geti látið meira í sér heyra í samfélaginu, sagt frá því hvernig líf þeirra er og hverjar skoðanir þeirra eru á ríkisstjórninni en hún er samt sem áður ekki viss hvaða leið væri best að fara til að koma rödd þeirra á framfæri.

Jón (13) telur það vera best fyrir nemendur að koma skoðunum sínum á framfæri þegar þau taka Skólapúlsinn einu sinni á ári. Hann segir:

Þegar við erum að gera svona lokaorð í Skólapúlsinum ... þá er alveg hlustað á mann held ég. Mér finnst það bara mjög þægilegt ... að það sé hlustað á svona 'my opinions' ef maður hefur eitthvað til þess að tala um og kannski eitthvað sem manni líkar ekki þá er kannski hægt að laga það.

Margréti (14) finnst einnig mikilvægt að geta komið skoðunum sínum á framfæri sem hún segist meðal annars gera með því að tala við fólk og segja það sem henni finnst. Hún segir ýmislegt í boði ef áhuginn er fyrir hendi. Það sé til dæmis sniðugt að vera í nemenda- og skólaráði. Einnig segist hún þekkja til ungmenna sem eru í ungmennaráði Barnaheilla og hafi meðal annars farið á fund með Menntamálaráðherra. Margrét (14) segir að hún hafi samt ákveðið að fara ekki í þessi ráð núna vegna þess að hún hafi nóg að gera í skólanum og frístundum.

Ari (14) telur það einnig mjög mikilvægt að hlustað sé á skoðanir hans en hann segir:

Fyrst og fremst er mikilvægt að þora að tjá sig og að segja sínar skoðanir á öllu og ekki vera hræddur við það. Þú veist að standa og falla með þínum ákvörðunum og því sem þú segir ... sama hvort það sé ekki hlustað á þig í byrjun þá verður alltaf hlustað á þig einhvern tímann. Ekki vera hræddur við að tala eða neitt svoleiðis ... alltaf að fylgja því sem hjartað segir ... því það getur skipt máli á endanum og það er alveg 100% eitthvað rétt í því sem þú ert að segja.

Guðrún (13) segir „ég vil alveg geta haft áhrif en veit ekki hvernig“. Hún segir fullorðna fólkið yfirleitt vera búið að ákveða allt fyrirfram án þess að spyrja unga fólkið hvernig það vilji hafa hlutina. Þá nefnir hún að það væri gaman að fá að hafa meiri áhrif á námsefnið, námsumhverfið og ýmislegt annað eins og íþróttaviðburði og þemadaga.

4.1.4 Samskipti

Í viðtölunum kom fram sá skilningur ungmennanna að lýðræðislegt skólastarf einkennist af góðum samskiptum og að þar af leiðandi þurfi nemendur og kennarar að búa yfir góðri samskiptahæfni. Þau ræddu bæði samskipti við kennara og hvernig samskiptum er háttað innan nemendahópsins. Hér á eftir verður vísað til svara ungmennanna um þemað *samskipti*.

Kennarar og nemendur

Í viðtölum við ungmennin kemur fram að þau upplifa samskipti milli kennara og nemenda almennt góð. Ellert (13) nefnir að samskiptin nemenda og kennara séu einstaklega góð en það komi þó alveg fyrir að kennararnir verði þreyttir þegar nemendur nenna ekki að hlusta. Samt sem áður telur hann kennarana bera virðingu fyrir nemendum sínum. Hann segir: „það er talað svona við mann svona eins og maður sé jafningi og alveg ekki eins og maður sé eitthvað minni en þau [kennararnir]“. Ellert (13) telur að nemendur beri einnig virðingu fyrir kennurum sínum, þrátt fyrir að þau gleymi sér stundum í spjalli.

Jón (13), Margrét (14) og Guðrún (13) telja samskiptin milli nemenda og kennara einnig mjög góð og segja nemendur geta talað við þá hvenær sem er og fengið aðstoð við námið.

Ari (14) segir kennararana vera „alltaf svona líflegir og vilja komast í mjúkinn hjá nemendum skiluru, það eru engin svona svipbrigði eða augnaráð á milli“. Hann segir það lítið mál að banka upp á hjá deildarstjóranum eða námsráðgjafanum en einnig sé hægt að fara á skrifstofuna og spyrja hvort skólastjórinn sé við. Ari (14) segir starfsfólk skólans alltaf tilbúið að spjalla og hlusta á nemendur:

Sérstaklega ef það eru margir saman og skjóta einhverjum spurningum ... þá er alltaf hlustað og tekið þátt í því sem verið er að ræða. Það er aldrei hunsað eða ... það er alltaf hlustað og kennarar vilja ræða semsagt það sem nemendur hafa að segja og taka þátt í að gera bara skólann betri og anda bekkjarins eða hvað sem það er sko.

Þrátt fyrir að samskiptin séu yfirleitt góð vilja Kristín (14) og Guðrún (13) meina að þau séu mis góð eftir því hvernig nemendur eru. Þær nefna að sumir nemendur þoli ekki tiltekna kennara, en það sé aðallega sökum álags í náminu og mikillar heimavinnu. Kristín (14) orðar það svo: „sumir [nemendur] eru dónalegri en aðrir ... þá er það aðallega að nemandinn sé að kvarta yfir heimanámi eða eitthvað þannig það er ekki eitthvað svona alvarlegt sko“.

Í ljósi þessa má minna á að úrtakið í rannsókninni er hentugleikaúrtak þar sem skólastjórnendur bentu rannsakanda á tiltekna nemendur. Líkur eru á að bent hafi verið á nemendur sem eiga í góðum samskiptum við kennara frekar en nemendur sem eiga í erfiðum eða engum samskiptum við þá.

Nemendahópurinn

Í máli ungmennanna kemur fram að samskipti innan nemendahópsins á unglíngastigi eru nokkuð ólík þeim sem eiga sér stað milli nemenda og kennara. Hér á eftir verður vísað til orða ungmennanna.

Ellert (13) tjáir sig lítið um samskiptaform nemendahópsins. Hann segist lítið spá í hinum krökkunum en telur að samskiptin í nemendahópnum gangi yfirleitt þokkalega vel fyrir sig. Að hans sögn á hann sjálfur góða vini sem hafa haldið hópinn alla skólagönguna.

Kristín (14) hefur sterkari skoðun á samskiptum innan nemendahópsins og segir fáa nemendur vera „vinir allra“ en það sé mikið um hópa og því sé best að halda sig bara með sínum vinkonum og vinum. Hún segir samskiptin oft geta verið erfið þar sem „sumum finnst alltaf sínar skoðanir vera réttar“ en sjálf segist hún virða ólíkar skoðanir

nemenda. Hún óskar þess að nemendur geti „allir verið saman og unnið saman í staðinn fyrir að fara að rífast“. Þá kemur hún með tillögu að því hvernig megi bæta samskiptin og segir:

Ég myndi vilja að það væri lögð meiri áhersla á að nemendur geri meira saman til að sameina bekkinn því við erum svolítið bara í hópum og bara með þessu sama fólki. Það væri gaman að fara kannski í hópa og gera eitthvað skemmtilegt, spila eða eitthvað. Ekki bara alltaf stelpur hérna og strákar hérna.

Jón (13) nefnir að samskiptin innan nemendahópsins séu varla í anda lýðræðis. Hann talar um ójöfnuð meðal nemenda í skólanum en hann segir nokkra einstaklinga stjórná öllum hinum. Hann orðar það svo: „það eru svona hópar oftast ... og ef einhver er á móti einhverjum sem hann er búinn að vera í hópi með þá kemur þú veist kannski allur hópurinn og ... hálf[lega] ræðst á hann, það er að segja þeir byrja að vera á móti honum, allur hópurinn á móti einum sem er ekki gott“.

Ari (14) telur það að hluta til eðlilegt að ungmenni skipti sér niður í nokkra vinahópa en hann segir slíkt samskiptamynstur eiga sér stað alls staðar í lífinu. Hann orðar þetta þannig:

Það eru vinahópar alls staðar skiluru, krakkar búnir að mynda sér svona grúppur eða þannig sko ... ég held það séu allir í einhverjum svona vinahóp eða geta leitað til einhvers sko en það eru kannski ekki allir sem fá að vera jafn mikið með ... kannski ekki allir sem eru taldir svona jafn hátt settir og fá ekki að komast jafn mikið að og kannski svona horft niður til þeirra en ég held það sé bara þannig alls staðar í lífinu. Það er ekkert allt fullkomið held ég.

Í máli Guðrúnar (13) kemur einnig fram að hún upplifir nokkurn ójöfnuð í samskiptum innan nemendahópsins en hún segir samskiptin ekkert alltaf svo góð þar sem ákveðinn hópur nemenda gerir grín að annarra manna skoðunum og finnst þær asnalegar. Þá segir hún að ákveðnir aðilar séu alltaf með völdin og aðrir fylgi þeirra skoðunum eftir. Hún telur það skipta máli að í skólanum fái allir að vera eins og þeir vilja vera, ekki eins og aðrir vilja hafa þá. Hún orðar það svo: „ég meina maður má bara vera eins og maður er ... það er enginn sem stjórnar því!“.

Margrét (14) hefur aðra sýn á samskiptin innan nemendahópsins en hún telur „þau mjög góð, við erum öll mjög góðir vinir, allavega í bekknum hjá mér“. Margrét (14)

nefnir að samskiptin séu betri í 9. bekk en þau voru í 8. bekk og telur það vera að miklu leyti komið vegna þess að nemendur eru hættir að vera jafn niðursokknir í spjaldtölvurnar og komnir yfir hið svokallaða „ípad æði“ eins og hún orðar það.

Í framangreindum svörum ungmennanna er meðal annars rætt um vináttu, völd, virðingu fyrir ólíkum skoðunum og ójöfnuð. Fram kom að nemendahópurinn virðist skipta sér í nokkra vinahópa þar sem ákveðnir aðilar eru „hærra settir“ en aðrir.

Leiðir til lýðræðislegrar þátttöku

Leiðir til lýðræðislegrar þátttöku í hinu daglega skólastarfi geta verið af ýmsu tagi, m.a. í gegnum samræður, ákvarðanatöku, ráð og nefndir. Ungmennin nefndu ýmsar leiðir til þess að koma málefnum sínum á framfæri. Fjögur þemu komu fram í máli ungmennanna fyrir efnisflokkinn leiðir til lýðræðislegrar þátttöku; *Samræður um málefni líðandi stundar; Áhrif nemenda á nám sitt; Skóla- og bekkjarreglur; Nemenda- og skólaráð.*

Samræður um málefni líðandi stundar

Í frásögn ungmennanna kemur fram að þau eru óvön samræðu um málefni líðandi stundar í hinu daglega skólastarfi. Þau segjast þó stundum fá að spjalla saman í kennslustundum og taka fram að mest sé um samræður í samfélagsfræði og lífsleikni þar sem þau upplifa stundum skemmtilegar samræður um ýmis mál í samfélaginu. Hér á eftir verður vísað til ummæla unga fólksins.

Ellert (13) nefnir að mest sé um samræður í skólanum þegar nemendur vinna hópverkefni en þá mega nemendur yfirleitt ræða saman eins mikið og þeir vilja. Hann nefnir þó að kennarar eigi frumkvæði að öllum samræðum og að oftast séu það sömu nemendurnir sem svara og taka þátt í samræðunum. Kennararnir reyni þó að „fá álit einhvers annars og spyrja þá bara einhvern ‘random’ í bekknum“. Ellert (13) segir nemendur fá litla æfingu í því að tala fyrir framan aðra, sumir séu mjög feimnir og því ekki allir tilbúnir að tjá sig jafn mikið.

Kristín (14) tekur undir með Ellert (13) um að stundum fái þau að spjalla saman í tímum en segir að nemendur tali mest saman um námið. Sem dæmi nefnir hún:

Við erum að lesa bók um unglunga í samfélagsfræði og þá ræðum við um unglunga og hvernig samskipti milli unglunga eru og þannig. Nanna sem er

samfélagsfræðikennarinn hún er svo mikið fyrir jafnrétti og svona ... hún er með svo góða sýn á samfélagið.

Einnig gefur Kristín (14) dæmi um nýlegar samræður sem hafa átt sér stað í skólanum og segir: „Við höfum til dæmis ... undanfarið rætt þarna forsetakosningarnar í Bandaríkjunum og þá var kennarinn einmitt að tala um lýðræði og hvernig það virkar“. Hún minnst skemmtilegar kennslustundar þar sem nemendur voru allir sammála fyrir utan einn og þá hafi heitar samræður skapast þar sem nemendur þurftu að taka tillit til ólíkra skoðana.

Kristín (14) segir kennarana oftast mjög glaða þegar nemendur koma sínum hugmyndum á framfæri, „þeir [kennararnir] taka manni oftast bara vel ... [en] sumir unglingar [eru] ekkert að tjá sig bara hlusta“.

Jón (13) segir að í umræðum í skólanum sé það „kennarinn [sem] talar mest en svo kannski eftir tímann þá hjálpumst við að og þá tölum við kannski aðeins um námsefnið“. Hann segir það einstaka sinnum koma fyrir að nemendur fái að spjalla saman en það fari eftir því í hvaða tímum þau eru, „ef við erum kannski í miðjum stærðfræðitíma og búin að gera mikið af dæmum þá megum við kannski aðeins spjalla en ekkert meira en það“. Þá sjaldan sem það kemur fyrir að spennandi samræður myndist í kennslustundum finnst Jóni (13) það „gaman ef nemendur eru ósammála en þá þurfa þeir að færa rök fyrir máli sínu með rökræðum sem eru eins og nokkurs konar lögrétta“.

Margrét (14) nefnir að á næstu önn muni rökræður verða teknar fyrir í skólanum og í ensku hafi farið fram skemmtilegar rökræður um forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Annars segir hún samræður bara eiga sér stað í samfélagsfræði og lífsleiknikennslu. Hún segir: „í samfélagsfræði fáum við mjög mikið málfrelsi og í lífsleikni líka. Við erum mjög mikið að ræða innflytjendamál, flóttafólk og þannig“. Hún nefnir sem dæmi að samræður skapist stundum út frá fréttum um eitthvað sem er að gerast hér á landi eða úti í heimi. Hún segir „ekkert lýðræði“ í slíkum samræðum nema nemendur fái tækifæri til að skoða allar hliðar málsins og færa rök fyrir máli sínu. Hún tekur fram að það sé gaman í tímum þegar skoðaðar eru raunverulegar fréttir um málefni líðandi stundar og segir „mér finnst það miklu betra heldur en að heyra einhverjar svona sögur af því þá vitum við frekar hvað er í gangi í heiminum. Það fylgjast ekkert allir endilega með fréttum þannig að það er gott að fá þessa fræðslu í skólanum líka“. Margrét (14) leggur áherslu á að það gangi ekkert alltaf vel fyrir kennarann að halda uppi samræðum í kennslustundum sökum þess að nemendur eru mis tilbúnir að taka þátt. Hún kemst svo að orði:

Ef það er búinn að vera slæmur dagur þá gengur bara illa og ef það er búið að vera leiðinlegt í öllum tímum þá gengur það mjög illa ... en ef það er skemmtilegt og það gengur öllum vel að halda sig við námsefnið þá gengur vel að ræða saman.

Ari (14) eins og fleiri ungmennanna segir að umræður fari oft fram „í lífsleiknitímum, þá fara bara allir tímarnir í að tala sko ... kennarinn er áhugasamur um svo margt og það eru oft mjög skemmtilegir tímar og alltaf talað um mjög fróðlega hluti“. Umræðuefnið segir hann meðal annars vera um fordóma, jafnrétti og útlendinga á Íslandi. Einnig segir hann þau ræða um fréttirnar í hverri viku fyrir sig og ef það er eitthvað „svona stórt að gerast í heiminum fara tímarnir oft í að ræða það“. Þá segir hann þau einnig spjalla um hversdagslega hluti eins og jólin, sem skapi góða stemningu og skemmtilega tilbreytingu frá hinu hversdagslega skólalífi. Hann nefnir að kennararnir sjái til þess að það sé hlustað og að þögn ríki inni í bekknum þegar einhver er að tala, þannig að allir fái að koma skoðunum sínum á framfæri. Hann orðar það svo: „Það er ekkert rugl í gangi það er bara þögn þegar aðrir eru að tala og þannig gengur það bara fyrir sig“. Annars telur hann lítið vera um samræður í hinu daglega skólastarfi og segir að hann „væri til í fleiri tíma þar sem rætt er um eitthvað sem skiptir virkilega máli“.

Samkvæmt Guðrúnu (13) er fjallað um ýmis málefni í samfélagsfræði en hún segir: „Við ræðum alveg [um] alls konar [hluti] sérstaklega hjá Nönnu. Hún er oft að tala um það sem gerist í fréttum og eitthvað þannig“. Í frásögn Guðrúnar (13) kemur fram að hún verði stundum leið á því að það séu yfirleitt sömu krakkarnir sem vilja tala og stundum komist enginn annar að. Það þori ekkert allir að tjá sig sökum feimni eða hræðslu við að verða fyrir aðkasti. Aðspurð segir hún kennarana stundum reyna að fá fleiri til að tala og finnst henni kennarinn í samfélagsfræði og lífsleikni helst leggja áherslu á að allir fái að láta rödd sína heyrast.

4.1.5 Áhrif nemenda á nám sitt

Í máli ungmennanna tengja þau lýðræðislega þátttöku í skólasamfélaginu við það hvort nemendur geti haft áhrif á nám sitt. Öll fjölluðu þau um val á einn eða annan hátt en þó skiptast viðhorf nemendanna í tvo hópa. Þeir sem telja lítil tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og hin sem segja að tækifærin séu fyrir hendi ef fólk vilji nýta þau. Eftirfarandi eru tilvitnanir í svör ungmennanna.

Þau ungmenni sem telja takmörkuð tækifæri til að hafa áhrif á námið eru Ellert (13), Kristín (14) og Jón (13). Ellert (13) nefnir að nemendur skólans geti haft takmörkuð áhrif

á nám sitt þar sem kennararnir ákveði allt við upphaf skólaárs. Telur hann flesta kennara trega til þess að fara út fyrir námsefnið og hann segir nemendur heldur ekki koma með nýjar hugmyndir að verkefnum. Enn og aftur er minnst á að í samfélagsfræði og lífsleiknikennslu séu mest tækifæri til þess að hafa áhrif á nám sitt. Ellert (13) segir:

Mér finnst mesta lýðræðið í tímunum hjá Nönnu í samfélagsfræði og lífsleikni. Við höfum val um hvernig verkefni við viljum gera, við fáum annað hvort að gera ritgerð, myndband eða ... eitthvað annað og stundum gerum við bara allt.

Aðspurður hvort hann telji nemendur geta haft áhrif á einhvern annan hátt ræðir hann um það þegar systir hans var að byrja á unglingastiginu fyrir nokkrum árum. Þá hafi nemendur viljað byrja í skólanum kl. 8:30 á morgnana í staðinn fyrir kl. 8:10. Þessar óskir hafi komið fram af því „við [unglingar] þurfum eiginlega meiri svefn“. Hann segir alla á unglingastiginu hafa skráð sig á undirskriftarlista sem síðan hafi verið færður skólastjóranum og „þá varð það að raunveruleika ... þannig ef þú vilt einhverjar breytingar þá er best að fá sem flesta með sér“.

Kristín (14) nefndi svipuð dæmi um áhrif nemenda á nám sitt: „Við fáum stundum að velja eins og í samfélagsfræði ... hvort eða hvernig við viljum skila verkefnum ... en það er samt alveg oft sem við fáum ekki að ráða“.

Jón (13) ræddi einnig að nemendur geti haft takmörkuð áhrif á námið svona dags daglega. Hann sagði ástæðu þess þá að kennararnir séu löngu búnir að ákveða hvernig allt eigi að vera. Hann nefnir síðan möguleika á vali verkefna í samfélagsfræði en telur að öðru leyti að tækifæri skorti fyrir nemendur til að hafa áhrif á námið sitt.

Þau ungmenni sem á hinn bóginn telja tækifæri vera til staðar til að hafa áhrif á nám sitt eru Margrét (14), Ari (14) og Guðrún (13). Margrét (14) nefnir að hún fái alveg að vinna sjálfstætt í skólanum. Hún segist hafa óskað eftir þyngra námsefni í nokkrum námsgreinum og fengið það í gegn. Aðspurð segist hún sjálf hafa óskað eftir þessum breytingum, „ég talaði bara sjálf við kennarana ... ég vil frekar gera þetta sjálf en að láta einhvern annan gera þetta fyrir mig“. Margrét (14) segir það mjög gott að finna fyrir trausti frá kennurunum og telur það mikilvægt að fá eitthvað val í skólanum en þannig geti hún fundið út hvaða aðferðir henti henni best þegar hún er að læra. Hún sagði að það væri svo misjafnt eftir fólki hvernig það vilji og henti best að læra. „Sumum gengur best að læra innan um aðra á meðan aðrir vilja hafa alveg hljóð og svo finnst sumum best að skrifa allt niður á blað en aðrir vilja vinna allt í ípádinum“.

Ari (14) vill meina að allir eigi möguleika á að hafa áhrif á nám sitt ef þeir leggja sig fram og sýna áhuga. Einnig segir hann að það sé meira hlustað á þá sem flokkast sem „betri nemendur“. Hann lýsir upplifun sinni á þennan hátt:

Ég held það sé í öllu alveg sama hvar þú ert, allavega í skóla, [að] ef þú ert góður nemandi sem sagt og leggur alltaf allt fram og gerir þitt besta í öllu þá færðu gott á móti ... og þá færðu líka að hafa meiri skoðanir og það er tekið meira mark á því sem þú segir. Aftur á móti ef þú ert alveg í hina áttina þá er kannski ekki alveg horft jafn mikið og tekið jafn mikið [mark] á því sem sagt er ... og að það sé bara svona svolítill standard á þér þannig að það sé tekið mark sko. Það er svona minn skilningur alla vega og ég held að allir upplifi alveg það sama.

Ari (14) telur það einnig skipta miklu máli að fá eitthvað val í skólanum en hann segir: „Ég meina það er ekkert lýðræði ef við höfum ekkert val“. Í samfélagsfræði og lífsleikni segir hann þau hafa um „marga möguleika að velja í alls konar verkefnum ... sérstaklega þegar þú ert kominn með spjaldtölvur þá eru miklu fleiri möguleikar sem opnast“. Eftir spjaldtölvuvæðingu í náminu segir Ari (14) nemendur nýta sér það að vinna verkefni rafrænt sem opnar fyrir fleiri valmöguleika og gerir námið skemmtilegra. Hann segir nemendur vinna mikið út frá sjálfum sér í skólanum þannig að „ef þú vilt klára og leggja metnað í námið þá gerirðu það bara og þá gengur allt upp“. Þá segir hann nemendur ekki fá að stjórna því hvað er kennt í skólanum en þeir megi hafa skoðun. Það hafi hins vegar lítið að segja nema skilaboðin komi frá mörgum í einu og nemendur tali sig saman.

Guðrún (13) talar um kosti þess að geta unnið sjálfstætt, eins og t.d. í samfélagsfræði. Hún segir „ef okkur finnst erfitt að vinna í miklum hávaða þá fáum við alveg að fara fram í minna og hljóðlátara rými“. Guðrúnu (13) finnst gott þegar nemendur fá að velja sér rými sem hentar hverju sinni en hún telur það mikilvægt að geta haft smá val í skólanum því nemendur séu með svo ólíkar þarfir í náminu.

4.1.6 Skóla- og bekkjarreglur

Ungmennin minntust á að í skólastarfinu hefðu þau á yngri árum stundum fengið að taka þátt í gerð bekkjarreglna og einnig að gerð skólareglna. Hins vegar virðist sem þau telji raunverulega aðkomu þeirra að slíkum reglum takmarkaða. Rödd ungmennanna um þetta fer hér á eftir.

Ellert (13) segir að nemendur í bekknum hans hafi ákveðið sínar bekkjarreglur á síðasta skólaári þegar hann var í 7. bekk og þá hafi allir þurft að fylgja þeim reglum. Aðspurður segir hann það hafa gengið vel en nefnir að það séu fáir sem muni allar reglurnar. Hann segir þetta vera „bara svona basic reglur sem skipta í raun engu máli því það gleyma þeim allir“.

Í máli Kristínar (14) kemur einnig fram að nemendur hafi ákveðið bekkjarreglur í 7. bekk en hún kannast ekki við að það hafi verið gert eftir að þau fóru í 8. bekk. Hún nefnir að það sé hins vegar lítið um agavandamál og telur nemendur almennt fylgja skólareglunum. Þar af leiðandi telur hún enga þörf á að nemendur taki þátt í að móta bekkjar- og skólareglur eftir að þeir koma á unglingsstigi.

Margrét (14) nefnir að hver bekkur hafi alltaf gert sínar bekkjarreglur þegar hún var yngri. Að þær hafi alltaf verið eins, „hafa hljóð meðan kennarinn talar, ganga vel um stofuna, allir eiga að vera vinir og eitthvað svoleiðis“. Þá segir hún reglurnar hafa verið skrifaðar á blað og hengdar upp á vegg en svo þegar liðið hafi á skólaárið hafi reglurnar gleymst og aldrei neinn fylgt þeim eftir. Hún kannast ekki við þátttöku nemenda þegar kemur að gerð skóla- og/eða bekkjarreglna á unglingsstigi. Hún segir suma kennara vera með ákveðnar reglur inni í sínum stofum og segir að nemendur séu jafnvel sendir fram ef þeir fylgja þeim ekki eftir, t.d. ef þeir tala mikið eða fylgja ekki reglum í sambandi við spjaldtölvurnar.

Jón (13) segir nemendur á unglingsstigi ekki taka þátt í að ákveða neinar bekkjarreglur en heldur að þeir taki þátt í að móta skólareglurnar þrátt fyrir að muna ekki eftir því hvenær þeir tóku þátt í því síðast. Jón (13) minnst á reglur sem fylgja spjaldtölvunum þegar nemendur fá þær afhentar. Hann segir að búið sé að fara yfir þessar reglur með þeim en þær séu einnig sjáanlegar á veggjum skólans. Samt sem áður eigi þær til að gleymast, bæði hjá nemendum og kennurum.

Ari (14) nefnir einnig skólareglurnar sem „voru settar bara held ég í byrjun þegar skólinn var stofnaður og það fara bara allir eftir því“. Hann segir lítið unnið með reglur í skólanum en hann telur það mikilvægt að allir þekki sín mörk. Þá segir hann að rætt sé við þá nemendur sem brjóta skólareglurnar og reynt að fá þá til að læra af því sem þeir gerðu.

Í máli Guðrúnar (13) kemur jafnframt fram að hún telur reglurnar í skólanum vera sanngjarnar þrátt fyrir að hún muni ekki eftir þeim öllum. Þá segir hún að nemendur hafi tekið þátt í að móta reglurnar þegar þau voru yngri en segir það öðruvísi núna þar sem þau eru ekki með neinn umsjónarkennara og flakki mikið á milli kennslustofa.

4.1.7 Nemenda- og skólaráð

Þegar rætt var um leiðir ungmenna til þátttöku nefndu öll ungmennin nemendaráð og sum þeirra þekktu einnig möguleika nemenda til þátttöku í skólaráði. Hér á eftir koma fram ummæli unga fólksins um slíka þátttöku.

Ellert (13) segir að í skólanum hans sé: „nemendaráð [en] samkvæmt lögum á að vera nemendaráð í hverjum skóla er það ekki?“. Fyrir kosningar í nemendaráðið sem séu að hausti, segir hann nemendur í 8. bekk alltaf fá kynningu á nemendaráði. Þeir fá að kjósa aðila í ráðið en það nemendaráð sem er starfandi hverju sinni segir hann fá að reyna að breyta skólanum eins mikið og þau geta. Hann nefnir sem dæmi að þau hafi haft áhrif á að bætt væri við fleiri sófum til að hafa fyrir unglingastigið í skólanum. Ellert (13) segir það skipta máli fyrir nemendur að hafa nemendaráð þrátt fyrir að hann viti lítið um starfsemi þess. Hann veit að það er fundur einu sinni í viku eða mánuði þar sem talað er saman og hjálpað með félagsmiðstöðina, t.d. ákveðið hvað á að gera þar og skipulagðar skemmtanir.

Þegar Kristín (14) ræðir um áhrif nemenda á skólastarfið kemur hún einnig inn á kosningar í nemendaráð og segir nemendur geta haft áhrif einu sinni á ári þegar kosið er í ráðið. Hún orðar það svo:

Við fáum að hafa áhrif þegar það eru kosnir nýir krakkar í nemendaráð ... það eru kosnir einhverjir nemendur, það eru oft einhverjir fundir hjá þeim [og] þá eru þau bara að ræða um hv[erju] þau vilja breyta og þannig ... þetta eru bara einhver svona málefni, ég frétti ekkert mikið af því sem þau eru að breyta sko Það var einhver sem vildi einhvern tímann breyta að það kæmu fleiri sófar hingað og það komu alveg fleiri sófar eða þú veist mér sýndist það alla vegana ... en annars man ég ekkert hvað var verið að segja.

Jón (13) vísar til þátttöku nemenda í skólasamfélaginu þegar hann talar um nemendaráð og segir: „Þegar það er verið að kjósa í nemendaráð þá er sko haldin kosning og þau koma með einhverjar tillögur og svona þannig við megum ráða hver fær að vera kosinn í nemendaráðið“. Þá segir hann aðra nemendur geta komið tillögum að breytingum til fulltrúa nemendaráðs sem skoðar hvort þær séu nógu raunhæfar til að fara áfram til skólaráðs. Þrátt fyrir að Jón (13) minnst á skólaráð segist hann ekki alveg viss hvert hlutverk þess sé í skólanum. Einnig segist hann ekki vita hvort það skili einhverjum árangri að tala við nemendaráð og hvort það komi skilaboðum frá nemendum áfram. Hann segir það aldrei hafa verið sagt opinberlega við þau krakkana: „Nemendaráð hefur gert þetta fyrir ykkur“.

Margrét (14) telur að nemendur fái að hafa áhrif í skólanum: „Við fáum alveg að hafa áhrif. Við erum bæði með nemendaráð og skólaráð og þar fá krakkarnir að segja sínar skoðanir“. Hún segir nemendur í skólaráði fara á fund með kennurum einu sinni í mánuði þar sem þeir fá að koma með tillögur og segja sínar skoðanir, t.d. „ef það á að breyta um námsefni eða einhverju í skólanum [þá] fá þau að segja sínar skoðanir á málinu“. Nemendaráð segir hún frekar ráða félagslegu hlutunum eins og því sem á sér stað innan félagsmiðstöðvarinnar, svo sem skipulagningu og kynningu á viðburðum á vegum hennar. Lítur hún á það starf sem mikilvægan þátt í skólastarfinu og telur nauðsynlegt að félagslífinu sé haldið uppi. Margréti (14) minnir að hún hafi fengið kynningu á „þessum ráðum“ í 8. bekk en sú vitneskja sem hún hefur hafi hún fengið í gegnum eldri systur sína sem sat bæði í nemenda- og skólaráði.

Ari (14) þekkti einnig að nemendur geti tekið virkan þátt í skólasamfélaginu með því að kjósa í nemendaráð. Hann segir:

Það er alltaf kosning á hverju ári ... lýðræðisleg kosning þar sem öll unglingsdeildin kemur saman á sal og þá eru sem sagt einhverjir búnir að bjóða sig fram og bara mega bjóða sig fram ... [segja] hvað þeir vilja bæta og gera betur í skólanum ... fara með ræðu sem þau búa til og svo er opnað fyrir kosningu á ípöðunum og þá bara kjósa allir þá sem þeir vilja og þannig er kosið í nemendaráð á hverju ári.

Hann telur mikilvægt að nemendur fái að hafa áhrif í skólanum og segir að allir geti haft áhrif ef áhuginn er fyrir hendi. Þá segir hann það skipta máli að það sé eitthvað vit í því sem nemendur eru að segja, að það sé ekkert „bull í gangi!“. Þannig séu meiri líkur á að kennararnir hlusti og taki mark á því sem nemendur hafi að segja. Einnig segir hann nemendur mega segja það sem þeim sýnist um hlutina en hann er ekki viss hvort það hafi áhrif nema skilaboðin komi frá mörgum nemendum í einu.

Í máli Guðrúnar (13) tengir hún nemendaráð við félagslífið, hún segir það vera þegar nemendur taka sig saman og halda félagslífinu uppi. Hún segir: „Alla vegana hjá okkur þá skipuleggja þeir böll ... og eitthvað svona skemmtilegt“. Hún þekkti hins vegar ekkert til skólaráðs og vissi ekki til þess að slíkt ráð væri starfandi innan skólans.

5 Umræður

Í þessum kafla eru helstu niðurstöður rannsóknarinnar teknar saman og tengdar við fræðilegan bakgrunn hennar. Niðurstöðurnar verða bornar saman við stefnumótun hér á landi er varðar lýðræðismennt í grunnskólum. Samhliða verður leitast við að svara þeim rannsóknarspurningum sem lágu til grundvallar rannsókninni en þar var spurt hvernig viðmælendur rannsóknarinnar þekkja og skilgreina hugtakið lýðræði auk þess sem spurt var um upplifun þeirra af því að vera virkir þátttakendur í skólasamfélaginu.

Í starfi með börnum og ungmennum hefur orðið mikil vitundarvakning á síðustu árum og hafa lýðræði og mannréttindi fengið aukið vægi í umfjöllun um menntun og uppeldi (Osler og Starkey, 2003). Má meðal annars rekja það til alþjóðasamninga á borð við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnumörkun UNESCO um almenna menntun (1989), auk laga um grunnskóla (91/2008) og Aðalnámskrá grunnskóla (2013). Sjónum er í auknum mæli beint að réttindum barna þar sem gengið er út frá því að börn og ungmenni hafi ólíkar skoðanir, þarfir og óskir en eiga jafnframt að fá tækifæri að jöfnum aðgangi að hinum lýðræðislega vettvangi (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012). Við skipulagningu skólastarfs og í samfélaginu í heild sinni þarf að stuðla að lýðræðislegum námsvettvangi allra barna og ungmenna, veita þeim fjölbreytt tækifæri til borgaralegrar þátttöku og hlusta á raddir þeirra.

Þekking og skilningur á hugtakinu lýðræði

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) segir að lýðræðis- og mannréttindamenntun tengist öllum námsgreinum og námssviðum. Meðal þeirra atriða sem talin eru upp sem lykilhæfni í Aðalnámskránni, sem nemendur eiga að hafa lokið við í lok 10. bekkjar, vísa til þess að nemendur læri í hverju lýðræðið felst og séu þannig betur undir það búin að taka þátt í samfélaginu og margs konar félagslegum og pólitískum ákvörðunum og athöfnum sem virkir borgarar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Með þetta í huga fannst mér áhugavert að kanna þekkingu og skilning ungmenna í 8. – 9. bekk á hugtakinu lýðræði og leita þannig vísbendinga um það hvort hæfniviðmiðum Aðalnámskrár sé fylgt eftir í skólastarfinu og hvar lýðræðismenntunin fari þá helst fram.

Fólkið fær að hafa áhrif

Í fyrri rannsóknarspurningu rannsóknarinnar er leitað svara við því hver skilningur ungs fólks er á merkingu hugtaksins lýðræði. Ungmennin í rannsókninni tengdu lýðræði við þátttöku einstaklinga í samfélaginu, þar sem fleiri en einn er við stjórn. Þannig töldu þau birtingarmynd lýðræðis koma fram í skipulagi fulltrúalýðræðis eins og þekkist hér á landi með lýðræðislegar Alþingis- og forsetakosningar í huga.

Þá var einnig áhugavert var að heyra hvernig þrjú ungmennanna gáfu dæmi um það hvernig lýðræði getur komið fram í skólasamfélaginu en þau voru öll sammála um að nemendur eigi rétt á því að hafa einhver áhrif á námið, t.d. hvernig þau fá að vinna verkefni og með þátttöku í samræðum. Koma þessar niðurstöður heim og saman við niðurstöður fyrri rannsókna sem gefa til kynna að skólasamfélagið sé kjörinn vettvangur til lýðræðislegrar þátttöku ef hlustað er eftir rödd barna og ungmenna og þeim veitt tækifæri til raunverulegrar þátttöku í hinu daglega lífi (sjá t.d. Jóhanna Einarsdóttir, 2008; Osler og Starkey, 2005; Mager og Nowak, 2012; Ragný Þóra Guðjohnsen, 2016; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Í ritröð um grunnþætti menntunar, *Lýðræði og mannréttindi*, er fjallað um hvernig skólasamfélaginu er jafnan líkt við hið lýðræðislega samfélag, þar sem völdin liggja hjá stjórnvöldum en almenningur fær að hafa áhrif, t.d. með kosningum (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012). Sjá mátti merki um svipaðan skilning ungmennanna á lýðræði innan skólasamfélagsins, t.d. þegar nefnt var að kennararnir í skólanum væru eins og stjórnmalafólkið og nemendur eins og almenningur sem fær að hafa áhrif. Það er þó munur þarna á sem birtist meðal annars í því að í samfélaginu kemur stjórnmalafólkið úr hópi almennings en kennarar skólans koma ekki úr hópi nemenda.

Jafnrétti

Gildi um jafnrétti kom gjarnan til tals þegar ungmennin ræddu hugmyndir sínar um lýðræði. Í máli ungmennanna kom fram að þau líta á jafnréttisfræðslu og umræðu um jafnrétti sem mikilvægan þátt þess að skapa lýðræðislegt skólasamfélag. Þau sögðust ekki læra mikið um lýðræði í skólanum en helst höfðu þau upplifað lýðræði og lýðræðisfræðslu í þeim kennslustundum þar sem fjallað var um jafnrétti.

Kennslustundum þar sem þau upplifðu sig læra um lýðræði lýstu þau sem líflegum tímum sem þau hefðu ánægju af. Þær fælust einkum í samræðum og verkefnavinnu í tengslum við jafnrétti kynjanna, kosningar, innflytjendur, flóttafólk eða fordóma. Það

vakti athygli að ungmennin nefndu aðeins tvær námsgreinar, samfélagsfræði og lífsleikni sem vettvang slíkrar vinnu þrátt fyrir að lýðræðis- og mannréttindamenntun tengist öllum námsgreinum og námssviðum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Hér má sjá vísbendingar um að lýðræðismennt þurfi að efla innan skólasamfélagsins og tengja við fleiri námsgreinar. Niðurstöður starfsháttakönnunarinnar, Starfshættir í grunnskólum gáfu vísbendingu um að kennsluaðferðir eru nokkuð einhæfar. Algengasta kennsluaðferðin er bein kennsla með eða án samræðna og hins vegar kennsla þar sem stuðst er við vinnubækur. Kennsluaðferðir sem gera meiri kröfur um þátttöku og ábyrgð nemenda voru mun fátíðari en aðferðir þar sem kennarinn er í aðalhlutverki (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014). Í því sambandi má einnig minna á að grunnþættir menntunar, þar með talinn *Lýðræði og mannréttindi*, eiga allir að tengjast innbyrðis og er ætlað að mynda samfellu í öllum námsgreinum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Persónuleg merking

Í seinni rannsóknarspurningu rannsóknarinnar er leitað svara við því hver upplifun ungs fólks sé af lýðræði í skólastarfi. Upplifun ungmennanna er nokkuð fjölbreytileg en þau tala meðal annars um vilja til að hafa áhrif í tengslum við námsefni, námsumhverfi og félagslíf. Einnig nefna ungmennin hversu mikilvægt það sé fyrir þau að vera óhrædd við að láta í sér heyra og fylgja sínum skoðunum.

Í viðtölum við ungmennin leitaðist ég eftir að finna hvort og þá hvernig þau tengja lýðræði og önnur hugtök, eins og t.d. áhrif og samskipti við sig og sitt líf. Persónulega merkingu má einnig tengja við það að læra í lýðræði sem vísar til þess að nemendur læri í lýðræðislegu umhverfi í skólanum, samfélaginu og á heimilinu en þannig lærast lýðræðishættir sem síðan endurspeglast í viðhorfum og samskiptum einstaklinganna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Hér að neðan verður einmitt fjallað um viðhorf ungmennanna til að hafa áhrif í skólanum eða nærsamfélaginu og samskipti þeirra við aðra í skólasamfélaginu.

Vilja hafa áhrif

Þrátt fyrir að skýr vilji hefði komið fram hjá ungmennunum um að hafa áhrif í skólanum og áherslu hjá þeim um mikilvægi þess að þora að tjá sig við annað fólk og vera óhrædd við að segja sínar skoðanir; þá gefa niðurstöðurnar það einnig til kynna að þau upplifi að

ekki sé tekið mikið mark á skoðunum þeirra í skólanum. Þau nefndu í þessu sambandi að fullorðna fólk sé yfirleitt búið að ákveða allt fyrirfram án þess að spyrja unga fólk um álit.

Ákveðinn samhljómur er með niðurstöðum rannsóknar minnar og niðurstöðum íslenskra rannsókna þar sem nemendur höfðu vilja til að hafa áhrif en töldu fá tækifæri bjóðast og sögðu skoðanir sínar og viðhorf vega lítið innan skólasamfélagsins (Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, 2016; Gerður G. Óskarsdóttir, 2014; Helga Helgadóttir, 2015).

Unga fólk hafði mestan vilja til að hafa áhrif þegar kemur að vali á verkefnum í skólanum, skipulagningu þemadaga og atburða sem eiga sér stað í félagsmiðstöðinni. Fram kom einnig að þau töldu nemendaráð mikilvægan vettvang og leið fyrir ungt fólk til að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif en færri virtust þekkja skólaráð og möguleika ungs fólks til að koma rödd þeirra á framfæri þar. Þá var athyglisvert að einn viðmælenda nefndi Skólapúlsinn sem mögulegan vettvang þar sem nemendur fengju einu sinni á ári að koma hlutum að sem þau vildu lagfæra t.d. í skólstarfinu.

Þrátt fyrir að vilji ungmennanna til áhrifa hafi verið til staðar kom samt sem áður fram að mögulegar leiðir til þátttöku og áhrifa virtust hafa litla persónulega merking fyrir þau og þau höfðu litla trú að því að geta haft áhrif í skólasamfélaginu. Vert er að velja því fyrir sér hvort slíkt í fyrsta lagi dragi úr vilja til þátttöku og í öðru lagi má velja því upp hvort leita megi skýringa þessa í of litla reynsla þeirra af lýðræðislegri þátttöku í sínu daglega lífi, innan sem utan skólans. Mögulega séu þau því ekki tilbúin til að takast á við þátttökuna.

Samskipti

Til þess að stuðla að velferð, námi og menntun þurfa samskipti meðal allra einstaklinga í skólanum að vera góð og eiga starfshættirnar að mótast af „... umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 13). Ungmennin í rannsókninni upplifðu samskipti við kennara sína á jákvæðan hátt þar sem meðal annars var rætt um góðvild, hjálpssemi og virðingu. Þau útskýrðu að alltaf væri hægt að leita til kennara til að fá aðstoð með námið eða til að leita annarra ráða. Þau útskýrðu að kennarar sýni nemendum almennt skilning og tali við þá sem jafningja og að sama skapi bæru nemendur almennt virðingu fyrir kennurum sínum. Ungmennin nefndu að samskiptaörðuleika kæmu stundum upp milli nemenda og kennara í skólanum. Ástæður mætti þá yfirleitt rekja til þess að nemendur teldu námið of erfitt eða heimanámið of mikið. Þessar niðurstöðurnar eru ólíkar niðurstöðum

úr rannsókn Robert Thornberg og Helene Elvstrand (2012) sem framkvæmd var í Svíþjóð en viðmælendur þeirra töldu kennarana ósanngjarna og að nokkuð væri um mismunun gagnvart nemendum. Hafa verður í huga að viðtöl í rannsókn þessari voru aðeins tekin við lítinn hóp nemenda við skólann og því ekki hægt að fullyrða að samskiptin séu yfir höfuð góð. Frekari rannsóknir þyrfti að gera í framhaldi þar sem upplifun fleiri ungmenna við skólann væri könnuð. Þá væri áhugavert að ræða við þau ungmenni sem viðmælendur mínir töluðu um sem „dónalega“ nemendur og heyra þeirra sýn á samskiptin.

Meiri munur var á upplifun ungmennanna af samskiptum innan nemendahópsins en við kennara. Þriðjungur nemenda höfðu jákvæða upplifun af samskiptum við skólafélaga á meðan helmingi fleiri sögðu samskiptin erfið. Þau upplifðu að nemendur skiptist í vinahópa þar sem nokkrir nemendur eru „hærra settir“ en aðrir og að fyrir komi að gert sé lítið úr skoðunum samnemenda. Ekki væri mikil samstaða í nemendahópnum öllum, hver héldi sig með sínum vinkonum og vinum. Sumir voru sáttir við slíka hópaskiptinu og töldu það að nemendur væru mis hátt settir endurspeglá hvernig hlutirnir væri í „lífinu“, það væri ekki allt fullkomið. Þannig virðast börn og ungmenni upplifa stéttaskiptingu strax í grunnskóla.

Niðurstöðurnar vekja upp spurningar um hvað það sé sem komi í veg fyrir að meiri áhersla sé lögð í lýðræðisleg vinnubrögð, sem felast meðal annars í því að efla samskiptahæfni barna og ungmenna. Í aðalnámskrá kemur fram að eitt af hlutverkum skólans sé að efla samskiptahæfni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) auk þess sem lýðræðislegt hugarfar byggir meðal annars á góðri samskipta- og samvinnuhæfni (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012). Til þess að börn og ungmenni upplifi að þau tilheyri skólasamfélaginu er því mikilvægt að leggja áherslu á samskiptahæfni þeirra og hlúa að góðum samskiptum í skólasamfélaginu (Osler og Starkey, 2005). Einnig þarf að huga að sameiginlegri upplifun þeirra en þannig eiga þau auðveldara með að upplifa sig sem hluta af hópnum. Með því móti geta þau svo smám saman yfirfært þá reynslu á þá tilfinningu að þau séu virkir og ábyrgir borgarar í samfélaginu (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Auk þess að framan hefur verið nefnt má velta fyrir sér hvort of mikil áhersla hefur verið sett á mælanlegan árangur, samkeppni og samræmd próf í grunnskólanum og hvort það sé á kostnað þess að unnið sé með samskipti í skólastarfi og lýðræðislega starfshætti (Ólafur Páll Jónsson, 2014).

Leiðir til lýðræðislegrar þátttöku

Í seinni rannsóknarspurningu rannsóknarinnar er leitað svara við því hver upplifun ungs fólks sé af lýðræði í skólastarfi. Ungmennin í rannsókninni upplifðu það mikilvægt að geta tjáð skoðanir sínar og haft áhrif á námið en í rannsókninni kom það skýrt fram að meirihluti ungmennanna upplifði fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt. Einnig nefndu ungmennin leiðir til lýðræðislegrar þátttöku í skólastarfinu sem voru ekki alltaf viðhafðar í raun. Þessar leiðir voru skóla- og bekkjarreglur ásamt þátttöki í nemenda- og skólaráði.

Viðmælendur mínir voru flestir á því máli að í lýðræðissamfélagi sé mikilvægt að fólkið fái að hafa áhrif og rödd allra fái að heyrast. Rannsóknir hafa bent á mikilvægi þess að byrja snemma að vinna með ungmennum að því að efla lýðræðishugsjónina, m.a. með því að veita þeim leiðsögn og fjölbreytt tækifæri til borgaralegrar þátttöku þar sem unnið er að sameiningu við að leysa vanda og finna lausnir (Banks, 2015; Helga Helgadóttir, 2015; Ragný Þóra Guðjohnsen, 2016; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Thornberg og Elvstrand, 2012). Erfitt getur verið að skilgreina hvernig lýðræði á að koma fram í skólasamfélaginu þar sem skólastarf á öllum skólastigum byggist á námskrá sem nemendur og kennarar hafa oft á tíðum haft takmarkaða aðkomu að og óskir þeirra og væntingar hafi því aðeins takmarkað vægi innan skólasamfélagsins (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012). Á hinn bóginn virðast fjölmörg tækifæri fyrir ungmennin til þess að koma málefnum sínum á framfæri innan skólasamfélagsins og kom það fram í máli unga fólksins í rannsókn þessari. Með því að tryggja því möguleika til lýðræðislegrar þátttöku í skólastarfi skapast tækifæri til að *læra til lýðræðis* og öðlast reynslu og færni til að geta haft áhrif á mótun samfélagsins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Nýmæli í rannsókninni er að í máli ungmennanna komu skýrt fram þær áherslur sem þau telja skipta mestu máli til þess að upplifa lýðræði í skólastarfi. Í fyrsta lagi lögðu þau mikla áherslu á að fá tækifæri til að koma sjónaramiðum sínum á framfæri. Svör ungmennanna gáfu auk þess til kynna að áhugi sé til staðar á samræðum um málefni líðandi stundar. Sérstaklega virðast þau kunna vel að meta tækifæri sem þau tala um til slíkrar þátttöku í samfélagsfræði og lífsleiknitímum. Fram kemur að þessi reynsla þeirra hefur eftt þekkingu þeirra og skilning á lýðræði og lýðræðislegum starfsháttum og nefna þau í því sambandi mikilvægi þess að skoða allar hliðar mála, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra.

Breytt samfélag og áherslur sem birtast í stefnumótun í menntamálum á hverjum tíma hafa áhrif á kennarastarfið og kalla á fjölbreytta hæfni til að vinna með þætti eins og borgaravitund og samskipti. Þetta kallar meðal annars á mikilvægi þessi að í menntun kennara sé unnið með leiðandi kennsluhætti og opnar samræður séu eðlilegur þáttur skólustarfsins. Diana Hess (2009) sérfræðingur í kennslu- og námskrárfræðum telur skólann vera góðan vettvang fyrir málefnalegar samræður enda skapist í skólasamfélaginu regluleg tækifæri fyrir nemendur til umræðna undir leiðsögn kennara og þar sé hægt að vinna með umburðarlyndi og virðingu nemenda fyrir ólíkum skoðunum. Slík þátttaka í samfélagslegri samræðu geti einnig orðið hvati að frekari þátttöku þeirra í samfélagslegum málefnum og eflt með þeim gagnrýna hugsun (Páll Skúlason, 1987; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að ungmennin eru óvön samræðum um málefni líðandi stundar í hinu daglega skólustarfi. Reynsla þeirra af slíkum umræðum virðist aðallega tengd einum kennara og þeim námsgreinum sem viðkomandi kennari kenndi, lífsleikni og samfélagsfræði. Samræður í öðrum námsgreinum virðast af skornum skammti en ungmennin sögðust stundum mega spjalla saman í tímum, þá helst þegar þau væru að vinna tvö og tvö saman í stærðfræði eða í hópverkefnum. Einnig var talað um rökræður í ensku, sem kæmi þó afar sjaldan fyrir. Einnig kom fram að kennarar eiga frumkvæðið að öllum samræðum en þó reyni sumir að fá nemendur til að tjá sig en það gangi mis vel þar sem þeir væru oft feimnir og skorti æfingu í að tala fyrir framan aðra.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum má í fyrsta lagi velta upp því sjónarmiði hvort kennarar í öðrum sérgreinum fái nægilega leiðsögn um slíka kennsluhætti í sínu námi. Samkvæmt Aðalnámskrá (2013) skal þó annars vegar leggja áherslu á að hjálpa nemendum að nálgast samfélagsleg og siðferðilega álitamál með samræðu og að láta afstöðu sína mótast af rökum og hins vegar veita nemendum leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum þannig að þeir læri að tileinka sér réttsýni, gildismat og ábyrgð, meðal annars með því að setja sig í spor annarra. Í öðru lagi virðist mega bæta samræðuhefð innan kennslustunda, t.d. með því styrkja nemendur í því að koma fram, tjá skoðanir sínar, rökræða og bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Má þá vitna í viðmið um lykilhæfni grunnskóla á öllum námssviðum en þar er m.a. talað um:

hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja

mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum“
(Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 56).

Fram hefur komið í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum* að nemendur vilja meiri fjölbreyttni í námsaðferðum og nefndu þeir samvinnunám í hópum sem ákjósanlega leið þar sem hægt sé að spyrja spurninga, rökræða og komast að sameiginlegri niðurstöðu (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014). Ungu fólkið í þessari rannsókn virtist einnig telja kennslustundirnar þar sem slík samræða færi fram skemmtilegar og fróðlegar. Mikilvægt var að rædd væru málefni sem ungu fólkið tengdi við og sögðu þau lærdómsríkt og skemmtilegt að færa rök fyrir máli sínu og skoða málin út frá fleiri en einu sjónarhorni.

Önnur nýmæli rannsóknarinnar er fram kom að ungmennin telja hluta þess að upplifa lýðræði í skólastarfi að fá að hafa áhrif á nám sitt. Þau segjast helst fá að hafa áhrif á nám sitt í samfélagsfræði og lífsleiknikennslu þar sem þau fá t.d. velja sér námsumhverfi og hafa val um hvernig þau skila verkefnum. Hjá þeim kemur einnig fram sú áhersla að mikilvægt sé að fá tækifæri til að vinna sjálfstætt og hafa þannig áhrif á nám sitt. Þrátt fyrir að rannsókn þessi endurspegli sýn fárra einstaklinga þá gefur hún innsýn í hvaða þætti er mikilvægt að huga að í starfi með ungmennum og jafnframt vísbendingar um hvaða þætti sé mikilvægt að vinna áfram með í rannsóknum með því að leita eftir viðhorfum unga fólksins sjálfs til náms og starfsumhverfis þess. Rannsóknir hafa bent til þess að slík þátttaka og áhrif nemenda í skólasamfélaginu hafi jákvæð áhrif með ýmsu móti svo sem með því að styrkja sjálfsmyndina, efla samskiptahæfni þeirra og viðhorf til skólans (Mager og Nowak, 2012).

Í máli unga fólksins í þessari rannsókn kom skýrt fram að meirihluti ungmennanna upplifði fá tækifæri til raunverulegrar þátttöku og lítil tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt utan þeirra tækifæra sem gáfust í lífsleikni og samfélagsfræði sem þau töldu helsta vettvanginn fyrir lýðræðislegt skólastarf. Þar sögðust þau stundum geta haft áhrif á það hvernig verkefni eru unnin og hvernig þeim er skilað ásamt því að koma með uppástungur að námsefni og finna leiðir sem henta þeim best í náminu. Með leiðum sem henta best í náminu er t.d. átt við hvaða aðferðir henta hverjum og einum best, hvar nemendum finnst best að læra, t.d. hvort þau vilji vera í næði í minna rými eða innan um aðra í skólastofunni. Í öðrum námsgreinum séu kennararnir yfirleitt búnir að ákveða allt fyrirfram. Niðurstöður úr fleiri rannsóknum hafa verið með svipuðu móti þar sem komið hefur í ljós að nemendur fá afar sjaldan tækifæri til ákvarðanatöku og hafa

þar af leiðandi lítil áhrif innan skólanna (Robert Thornberg og Helene Elvstrand, 2012; Gerður G. Óskarsdóttir, 2014). Staða mála er þessi þrátt fyrir skýr viðmið í Aðalnámskrá um að lykilhæfni í grunnskóla sé „hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra eða undir leiðsögn“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 56).

Þrátt fyrir að almennt skorti á tækifæri til að hafa áhrif í skólastarfi að mati ungmennanna kom fram hjá nokkrum þeirra að allir gætu haft áhrif ef þeir leggja sig fram, sérstaklega þó „betri nemendur“ því þeir leggi sig meira fram og sýni þannig meiri áhuga á náminu. Þá var nefnt að ef fleiri en einn taka sig saman og vilji breyta skólastarfinu þá sé hægt að hafa meiri áhrif og nefndu þau dæmi um mál sem hafði náðst árangur í þegar óskað var eftir því að byrja seinna á morgnana í skólanum. Loks skal nefnt að ungmennin nefndu nokkar leiðir til lýðræðislegrar þátttöku í skólastarfi sem þó voru ekki alltaf viðhafðar í raun. Annars vegar nefndu þau skóla- og bekkjarreglur sem þau sögðu þó að þau hefðu nánast enga aðkomu að eftir að þau kæmu á unglingsstig. Auk þess virðast þau sjá lítinn tilgang með reglum í skólanum en telja þó mikilvægt að nemendur þekki sín mörk. Einnig kom fram hjá ungmennunum að skólareglurnar séu alltaf eins og að bæði nemendur og kennarar ættu það til að gleyma að fylgja þeim eftir sem bendir til þess að reglurnar hafi litla persónulega merkingu fyrir ungmennin.

Niðurstöður þessar um litla þátttöku við skóla- og bekkjarreglur stangast á við það sem segir í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) sem leggur áherslu á mikilvægi þess að leitað sé eftir sjónarmiðum nemenda og þátttöku þeirra við gerð skólareglna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Með því að hafa nemendur með í ráðum má einnig stuðla að betri skólabrag og fá meiri sátt meðal nemenda um settar reglur. Í rannsókn Gilljam, Esaiasson og Lindholm (2010) gáfu niðurstöður til kynna að miklu virðist skipta fyrir nemendur að notaðar séu lýðræðislegar aðferðir við ákvarðanatöku í skólasamfélaginu og að þeir fái tækifæri til að taka þátt í því sem virkir lýðræðislegir borgarar en ekki aðeins verðandi borgarar framtíðarinnar.

Kom það því skýrt fram í viðtölunum að aðkomu nemenda á unglingsstigi að gerð skóla- og bekkjarreglna er verulega ábótavant. Nemendur virðast ekki fá raunverulegan vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri en samkvæmt 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1992) eiga öll börn „rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska“.

Önnur leið sem unga fólkið nefndi til lýðræðislegrar þátttöku í skólastarfinu var að taka þátt í starfi nemenda og skólaráða. Þó nefna þau að lítil kynning sé á nemenda og

skólaráði í skólanum. Þau viti að nemendaráð sé einhvers konar vettvangur fyrir nemendur til þess að koma fram með sínar skoðanir en skólaráð þekktu færri og tilgang þess.

Samkvæmt 10. grein laga um grunnskóla (2008) eiga allir grunnskólar að vera með starfandi nemendaráð sem vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Með þessari stefnu er verið að huga að því að efla nemendalýðræði og virkja nemendur til ákvarðanatöku um málefni skólans. Ungmennin virtust líta á það sem lýðræðislegan vettvang nemenda innan skólans að kjósa sér fulltrúa til setu í nemendaráði en í því samhengi var aðallega talað um lýðræðislega kosningu sem fer fram ár hvert. Sögðu þau nemendur sem bjóða sig fram þurfa að flytja kosningaræðu og að komið væri út frá því sem nemendur segja í ræðunum sínum. Ungmennin töldu nemendaráð góðan vettvang fyrir nemendur til þess að reyna að breyta skólanum eins og þau geta. Sögðu þau nemendaráð einnig sjá um að halda félagslífinu uppi og skipuleggja ýmsa viðburði á vegum félagsmiðstöðvarinnar en að öðru leyti virtust þau vita tiltölulega lítið um nemendaráð. Ekkert ungmennanna gat gefið dæmi um eitthvað sem nemendaráð hefur gert innan skólans og sögðust þau ekki fréttu mikið af því sem er í gangi hjá þessu ráði. Einnig nefndu þau að nemendur fylgist ekkert með hvort því væri fylgt eftir sem nemendur töluðu um í kosningaræðum sínum. Þá kom það skýrt fram að nemendur eru ekki vanir því að koma sjónarmiðum sínum til nemendaráðs eða að leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra. Spurning vaknar um það hvort mögulega vanti vettvang þar sem nemendaráð hittir aðra nemendur og fær að heyra hugmyndir þeirra. Til þess að nemendafulltrúar geti látið raddir nemenda hljóma og komið einhverju í verk þarf að skapa vettvangt þar sem þeir fá leiðsögn og tækifæri til að vinna úr málefnum nemenda og komið sjónarmiðum sínum og annarra nemenda á framfæri innan skólasamfélagsins.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013) eiga nemendur að geta komið hugmyndum sínum á framfæri í gegnum fulltrúa í nemendafélagi og skólaráði (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Þátttaka nemenda í ráðum sem þessum getur haft jákvæð áhrif, ekki bara fyrir þá sem sitja í þeim heldur fyrir alla nemendur sem geta komið hugmyndum sínum áfram í gegnum nemendafulltrúa. Það má því segja að með virkri starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í skólaráði fái nemendur tækifæri til að hafa áhrif, taka ákvarðanir, taka af skarið og bera ábyrgð (Umboðsmaður barna, e.d.; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Niðurstöður þessari rannsókn gefa hins vegar til kynna að þótt nemenda og skólaráð hafi, formlega séð, hlutverki að gegna og geti

örugglega haft áhrif þá sé raunin sú, í þessum skóla, að lýðræðisleg áhrif þessara ráða eru hverfandi.

6 Lokaorð

Hér á undan hefur verið fjallað um það hvernig ungmenni í 8.-9. bekk þekkja og skilgreina hugtakið lýðræði, hvernig þau tengja lýðræði við þátttöku sína í eigin námi og um þær leiðir sem hægt er að fara til að koma málefnum sínum á framfæri innan skólasamfélagsins.

Eitt af hlutverkum grunnskólans er að undirbúa nemendur sína fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi. Niðurstöður rannsóknar minnar gáfu til kynna að ungmennin telja sig hafa of lítil áhrif á nám sitt og upplifa fá tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku innan skólasamfélagsins og þar af leiðandi virðist skólinn ekki sinna því hlutverki vel að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Í viðtölum við ungmennin kemur fram að hugmyndir þeirra um lýðræði snúast fyrst og fremst um fulltrúalýðræði þar sem fólkið fær að hafa áhrif með því að taka þátt í kosningum. Í lýðræðissamfélagi telja þau vettvang almennings mikilvægan þar sem allir eiga rétt á því að hafa áhrif og láta rödd sína heyrast. Einnig voru gefin voru dæmi um það hvernig skólasamfélagið gæti verið „ef“ það væri lýðræði í skólanum en þá væri t.d. meira um samræður og nemendur gætu haft áhrif á námið.

Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að vilji ungmennanna til að hafa áhrif innan skólasamfélagsins sé svo sannarlega til staðar en þó vantar þau trúna á að rödd þeirra geti haft áhrif. Þá var áhugavert að heyra um upplifun nemenda á samskiptum þeirra á milli en niðurstöður benda á að lítil áhersla sé lögð á samskiptahæfni innan nemendahópsins á unglingastigi.

Í rannsókninni var fjallað um leiðir til lýðræðislegrar þátttöku. Var þá talað um samræður um málefni líðandi stundar en ungmennin upplifðu helst lýðræðislegan vettvang í samfélagsgreinum og lífsleikni þar sem þau fá stundum tækifæri til að hafa áhrif á námið, taka þátt í samræðum, rökræða og bera ábyrgð. Að öðru leyti voru ungmennin óvön því að taka þátt í samræðum. Þá komu þau með nokkur dæmi um hvernig þau hafa áhrif á nám sitt, meðal annars með því að vinna sjálfstætt og óska eftir þyngra námsefni. Ungmennin töldu sig hafa lítil sem engin áhrif á skóla- og bekkjarreglur og sáu lítinn tilgang með reglum sem hengdar eru upp á vegg og gleymast svo þegar líða tekur á skólaárið. Þá litu ungmennin á nemendaráð sem lýðræðislegan vettvang nemenda þar sem þau fá að kjósa sína fulltrúa. Ungmennin sögðust þó ekki

frétta mikið af því sem er í gangi hjá nemendaráði og gátu ekki gefið dæmi um eitthvað sem nemendaráð hefur gert innan skólans.

Efla má virka þátttöku í skólasamfélaginu með því að notast við lýðræðislegar kennsluaðferðir, veita nemendum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fylgja þeim eftir. Hef ég trú á að ungmenni sem upplifa sig sem virka þátttakendur í skólasamfélaginu komi fyrir vikið frekar út í samfélagið sem virkir borgarar tilbúnir að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem bíða þeirra.

Til að fá enn skýrari mynd af upplifun ungmenna í grunnskóla af skólastarfinu væri forvitnilegt að hitta fleiri ungmenni og eyða einnig tíma á vettvangi sem ekki var gert í þessari rannsókn.

Rannsóknir á þessu sviði minna okkur á mikilvægi þess að virkja kennara og ungmenni sem borgaralega þátttakendur í skólasamfélaginu. Fylgja þarf markmiðum skólastarfsins eftir í hugsun og verki svo ekki myndist gjá milli þess sem stendur í námskránni og þess sem á sér raunverulega stað í skólunum.

Heimildaskrá

- Alderson, P. og Morrow, V. (2004). *Ethics, social reasearch and consulting with children and young people*. Ilford: Barnado's.
- Annan, K. (e.d.). TED-ED. Lessons Worth Sharing. Sótt af <http://teded.tumblr.com/post/156123670317/no-one-is-born-a-good-citizen-no-nation-is-born>
- Banks, J. A. (2015). Failed citizenship, civic engagement and education. *Kappa Delta Pi Record*, 51, 151-154. doi: 10.1080/00228958.2015.1089616
- Banks, J. A. (2017). *Citizenship and global migration: Implications for theory, research, and teaching*. Washington, DC : American Educational Research Association.
- Dalton, R. J. (2008). *The good citizen: How a younger generation is reshaping American politics*. Washington DC: CQ Press.
- Dewey, J. (1939/1998). Creative democracy – The task before us. Í L. A. Hickman og T. M. Alexander (ritstjórar), *The Essential Dewey* (bls. 340-343). Bloomington: Indiana University Press.
- Eikenberry, A. M. (2009). Improving quality and creating democracy in the classroom. *Administrative Theory and Praxis*, 31(1), 119 – 126.
- Flowers, N. (ritstjóri). (2014). *Litli-Kompás. Handbók um mannréttindamenntun fyrir börn* (2. útgáfa). (Þórgunnur Skúladóttir þýddi). Námsgagnastofnun: Kópavogur. Sótt af http://vefir.nams.is/litli_kompas/
- Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gilljam, M., Esaiasson, P. og Lindholm, T. (2010). The voice of the pupils: An experimental comparison of decisions made by elected pupil councils, pupils in referenda, and teaching staff. *Educational Assessment, Evaluation and Accountability*, 22(1), 73-88. doi: <http://dx.doi.org/10.1007/s11092-009-9084-0>
- Haste, H. og Hogan, A. (2006). Beyond conventional civic participation, beyond the moral-political divide: Young people and contemporary debates about citizenship. *Journal of Moral Education*, 35, 473-493.
- Helga Helgadóttir. (2015). „Ætli það sé ekki þess virði að við fáum aðeins að ráða hvað við lærum“ *Birtingarmynd lýðræðis í tveimur grunnskólum á Íslandi*. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23009>

- Hess, D., E. (2009). *Controversy in the classroom: the democratic power of discussion*. New York; London: Routledge.
- Hyde, M. K., Dunn, J., Bax, C. og Chambers, S. K. (2016). Episodic volunteering and retention: An integrated theoretical approach. *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly*, 45(1), 45–63.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2016). *Listin að spyrja: handbók fyrir kennara*. Reykjavík: Sögur.
- Jón Breiðfjörð Guðmundsson. (2016). „Má bjóða þér þorsk, ýsu eða lax?“ Að læra til lýðræðis í íslenskum grunnskólum. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/25996>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Þátttaka barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólasterfi* (bls. 115-132). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Kohlberg, L. (1976). Moral stages and moralization: The cognitive developmental approach. Í Lickona, T. (ritsjóri), *Moral development and behavior: Theory, research, and social issues* (bls. 31-53). New York, NY: Holt, Rinehart og Winston.
- Kohlberg, L. (1984). *The psychology of moral development: The nature and validity of moral stages*. San Francisco, IL: Harper & Row.
- Kubow, P., Grossman, D. og Ninomiya, A. (2012). Multidimensional citizenship: Educational policy for the 21st century. Í J. J. Cogan og R. Derricott (ritstjórar), *Citizenship for the 21st century: An international perspective on education* (bls. 131–150). New York: Routledge.
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education. A user's guide* (3. útg.). Kalifornía: Sage Publications Inc.
- Lorentzen, H. og Hustinx, L. (2007). Civic involvement and modernization. *Journal of Civil Society*, 3(2), 101-118.
- Lög um grunnskóla. Nr. 91/2008
- Mager, U. og Nowak, P. (2012). Effects of student participation in decision making at school. A systematic review and synthesis of empirical research. *International Journal of Educational Research*, 7, 38- 61. doi: 10.1016/j.edurev.2011.11.001
- Noddings, N. (2008). Caring and moral education. Í Nucci, L. P. og Narvaez, D. (ritstjórar), *Handbook of moral and character education* (bls. 161-173). New York: Routledge.
- Osler, A. og Starkey, H. (2003). Learning for Cosmopolitan Citizenship: theoretical debates and young people's experiences. *Educational Review*, 55(3), 243-254. doi: 10.1080/0013191032000118901
- Osler, A. og Starkey, H. (2005). *Changing Citizenship: Democracy and Inclusion in Education*. England: Open University Press.

- Ólafur Páll Jónsson. (2008). Lýðræði, menntun og þátttaka. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/013/index.htm>
- Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 13-41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, jafnrétti og menntun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). Lýðræði og mannréttindi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjórar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Námsgagnastofnun.
- Ólafur Páll Jónsson. (2014). Lýðræðisleg menntastefna: Sögulegt ágríp og heimspekileg greining. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 10(1), 99-118. doi: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2014.10.1.6>
- Páll Skúlason. (1987). *Pælingar*. Reykjavík: Ergo.
- Piaget, J. (1932). *The moral judgement of the child*. Nerw York, NY: Free Press.
- Piaget, J. (1965). *The moral judgement of the child*. Nerw York, NY: Free Press.
- Polit, D. F. og Beck, C. T. (2006). *Essentials of Nursing Research* (6.útgáfa). Philadelphia: Lippincott.
- Ragný Þóra Guðjohnsen. (2016). *Young people's ideas of what it means to be a good citizen. The role of empathy, volunteering and parental styles*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2016). Uppeldisaðferðir foreldra og viðhorf ungmenna til virkrar borgaralegrar þátttöku fólks. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstjórar), *Ungt fólk – Tekist á við tilveruna* (bls. 265-286). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2017). Viðhorf ungs fólks til pólitískrar þátttöku (Young people's views on political participation). *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 13 (2), 287-310.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1989). Sótt af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
- Selman, R. L. (1980). *The growth of interpersonal understanding: Developmental and clinical analyses*. New York, NY: Academic Press.
- Selman, R. L. og Kwok, J. (2010). Informed social reflection: Its development and importance for adolescent's civic engagement. Í Sherrod, L., Torney-Purta, J. og Flanagan, C. (ritstjórar). *Handbook of research in civic engagement in youth* (bls. 651-683). New York: John Wiley.

- Sheridan, S. og Samuelsson, I. P. (2001). Children's Conceptions of Participation and Influence in Pre-School: A Perspective on Pedagogical Quality. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 2(2), 169-194.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir (2008). Young people's civic awareness and engagement: Listening to their voices using thematic and developmental analysis. Í A. Ross (ritstjóri), *Reflecting on identities: Research, practice and innovation* (bls. 717–727). London, United Kingdom: CiCe.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir. (2012). Lýðræðislegar bekkjarumræður og viðhorf til réttinda innflytjenda: Sýn nemenda. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/14580/1/013.pdf>
- Sim, J. B.-Y. og Krishnasamy, M. (2015). Building a democratic society: exploring Singapore students understandings of democracy. *Asian Education and Development Studies*, 5(1), 37-58. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/1748545634/F95FE63EE930470DPQ/1?accountid=135943>
- Thomas, N. (2007). Towards a theory of children's participation. *International Journal of Children's Rights*, 15, 199–218.
- Thornberg, R. og Elvstrand, H. (2012). Children's experiences of democracy, participation, and trust in school. *International Journal of Education Research*, 53, 44-54. doi: 10.1016/j.ijer.2011.12.010
- Tobias, S. og Duffy, T. M. (ritstjórar). (2009). *Constructiveist instruction: Success or failure*. New York, NY: Taylor & Francis.
- Umboðsmaður barna. (e.d.). *Börn og lýðræði. Grunnskólinn. Nemendafélag og áhrif nemenda*. Sótt af <https://www.barn.is/malaflokkar/grunnskoli/#k17>
- Wolfgang Edelstein. (2010). Lýðræði verður að læra!. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/13958>
- Wygotsky, L. S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Cambridge: Harvard University Press.

Viðauki A: Kynningarbréf

Kæri þátttakandi,

Herdís heiti ég og er að vinna að meistaraverkefni mínu til M.Ed. prófs í Grunnskólakennarafræðum. Áhugavert finnst mér að kanna hver upplifun og sýn ungmenna er á lýðræði í skólastarfi en samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er lýðræði mikilvægt á vettvangi skólans en einn af sex grunnþáttum menntunar er lýðræði og mannréttindi.

Í verkefninu hef ég hug á að skoða hvaða upplifun og sýn grunnskólanemar hafa á lýðræði í skólastarfi. Markmið rannsóknarinnar er að sjá hvort og þá hvernig þessir nemendur þekkja og túlka hugtakið lýðræði og hvort þeir séu vanir því að vinna á lýðræðislegan hátt í skólastarfi sínu.

Rannsóknin verður með eigindlegu sniði og verða tekin djúpvíðtöl við sex grunnskólanema, þrjár stúlkur og þrjá drengi.

Fyllsta trúnaðar verður gætt og hvergi munu í niðurstöðum koma fram nöfn eða upplýsingar sem rekja má til persónu viðmælenda.

Hugmyndir að rannsóknarspurningu:

- Hver er upplifun og skilningur ungs fólks á lýðræði í skólastarfi?
- Hverjar eru hugmyndir ungs fólks um það hvað lýðræði merkir?
- Hvernig upplifir ungt fólk lýðræði í skólastarfi?

Herdís Hermannsdóttir, 8484067, heh59@hi.is

Viðauki Á: Upplýst samþykki

Undirrituð/ritaður hef lesið kynningarbréf um rannsóknina Lýðræði í skólastarfi og eigin þátttöku/þátttöku barnsins míns í henni.

Rannsóknin er liður í lokaverkefni Herdísar Hermannsdóttur til meistaraþrófs í Grunnskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Leiðbeinandi er dr. Ragný Þóra Guðjohnsen, aðjúntkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, ragny@hi.is

Þátttakan felur í sér:

að undirrituð/undirritaður/barnið mitt svari spurningalistanum *Upplifun og skilningur ungs fólks á lýðræði í skólastarfi*.

að undirrituð/undirritaður/barnið mitt ræði við rannsakanda um upplifun sína og skilning á lýðræði í skólastarfinu.

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og þess vandlega gætt að ekki verði hægt að rekja þær.

Ég samþykki hér með að taka þátt/að barnið mitt taki þátt í rannsókninni.

Staður og dagsetning

Undirskrift þátttakanda

Undirskrift foreldris/forráðamanns þátttakanda

Upplýst samþykki fyrir þessari rannsókn er í tvíriti og heldur þátttakandi eftir einu eintaki og rannsakandi öðru eintaki.

Ef þú hefur spurningar eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni, getur þú snúið þér til Herdís Hermannsdóttir, heh59@hi.is, 8484067.

Herdís Hermannsdóttir

Viðauki B: Spurningalisti

1. Hvað getur þú sagt mér um **lýðræði**?
2. Hvar hefur þú lært um lýðræði?
3. Hvernig finnst þér lýðræði koma fram í skólanum?
4. Hvernig fá nemendur að hafa **áhrif á námið**?
5. Ef upp koma **ágreiningsmál** hvernig leysið þið þau mál í skólanum?
6. Finnst þér allir nemendur fá **jöfn tækifæri til þess að tjá sig** og hafa eitthvað um málin að segja?
7. Hvernig finnst þér **samskipti** milli nemenda og kennara í skólanum vera?
8. En milli nemenda?
9. Hvernig finnst þér nemendum ganga að **hlusta á aðra og virða ólíkar skoðanir**?
10. Hvernig fara **umræður** í skólastofunni fram - Fáist þið mikið að ræða málin/bæði í tengslum við námsefni og annað sem ykkur finnst skipta máli?
11. Hvernig taka kennararnir því sem þið hafið að segja? Hlusta þeir á ykkur og taka mark á skoðunum ykkar?
12. Hvernig starfar **skólaráð**? Hefuru fengið kynningu um það og veistu afhverju nemendur eru fengnir til þess að vera í því?
13. En hvað er það sem **nemendaráð** gerir?
14. Hafið þið fengið
15. Telur þú lýðræði skipta máli í samfélaginu?
16. Hvernig getur þú haft **áhrif**? Eða komið þínum hugmyndum á framfæri í samfélaginu/skólasamfélaginu?

